

Viðskiptaskilmálar Kviku vegna verðbréfavíðskipta

1. Gildissvið og tilgangur

- 1.1. Viðskiptaskilmálar þessir gilda um verðbréfavíðskipti Kviku banka hf. (hér eftir nefndur bankinn) og viðskiptamanna hans, sbr. 1. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti. Höfuðstöðvar Kviku, kt. 540502-2930, eru að Borgartúni 25, 105 Reykjavík. Sími: 540-3200, netfang: info@kvika.is.
- 1.2. Skilmálarnir gilda um verðbréfavíðskipti samkvæmt skilgreiningu laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, á milli bankans og viðskiptamanns. Til verðbréfavíðskipta telst m.a. móttaka og miðlun fyrir mæla frá viðskiptamanni um einn eða fleiri fjármálagerning, framkvæmd fyrir mæla fyrir hönd viðskiptamanns, eignastýring, fjárfestingarráðgjöf og lán til verðbréfavíðskipta.
- 1.3. Skilmálunum er m.a. ætlað að lýsa því sambandi sem er á milli bankans og viðskiptamanns vegna verðbréfavíðskipta, hvernig samningar og boðskipti fara fram, hvaða kröfur bankinn setur um tryggingar fyrir viðskiptum og við hvaða aðstæður bankanum er heimilt að loka samningum og gjaldfella skuldir.
- 1.4. Skilmálunum er m.a. ætlað að undirstrika að viðskiptamaður hafi gert sér grein fyrir eðli þeirra verðbréfavíðskipta og þjónustu sem falla undir skilmálana og þeirri áhættu sem þeim fylgir. Viðskiptamaður er hvattur til að kynna sér gildandi lög og reglur á hverjum tíma, svo sem lög nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, lög nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og reglugerð nr. 995/2007, um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja.
- 1.5. Bankinn gerir þá kröfu að viðskiptamaður samþykki skilmálana áður en hann á viðskipti, eða frekari viðskipti, við bankann. Viðskiptamaður telst hafa samþykkt skilmála þessa með undirritun sinni á þar til gert eyðublað eða með samþykki á varanlegum miðli. Með samþykki skilmála þessara samþykkir viðskiptamaður að kominn sé á skriflegur samningur við bankann í samræmi við 9. gr. laga um verðbréfavíðskipti.
- 1.6. Bankinn hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem hefur eftirlit með starfsemi bankans í samræmi við ákvæði laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og í samræmi við ákvæði laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti. Útibú bankans í öðrum aðildarríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins, eru undir eftirliti eftirlitsaðila viðkomandi ríkis, þegar það á við.
- 1.7. Með því að samþykkja skilmála þessa, lýsir viðskiptamaður því yfir að hann hafi greiðan aðgang að Internetinu.

2. Skilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar eru notaðar í skilmálum þessum, sem og öðrum viðskiptum sem framkvæmd eru og falla undir gildissvið skilmálanna:

- 2.1. Bankadagur merkir virkan dag þegar bankar eru almennt opnir á Íslandi og í þeim fjármálamiðstöðvum fyrir þá fjármálagerninga sem tilgreindir eru í samningi.
- 2.2. Bankadagsregla skal tilgreind í samningi. Hún lýsir því hvernig samningsbundnir gjalddagar færast ef þeir lenda ekki á bankadegi fyrir viðkomandi gjaldmiðil. Bankadagsreglurnar eru sem hér segir:
 - a) *Næsti bankadagur á eftir.* Gjalddagi samkvæmt samningi færast yfir á þann bankadag sem næstur kemur á eftir þeim degi sem tilgreindur er þegar sá tilgreindi dagur er ekki bankadagur.
 - b) *Næsti bankadagur á eftir með undantekningu.* Gjalddagi samkvæmt samningi færast yfir á þann bankadag sem næstur kemur á eftir þeim degi sem tilgreindur er þegar sá tilgreindi dagur er ekki bankadagur nema sú tilfærsla hafi í för með sér að gjalddaginn flytjist yfir í næsta mánuð. Við slík skilyrði flyst gjalddaginn yfir á þann bankadag sem næstur er á undan þeim degi sem tilgreindur er í samningi.

- c) *Næsti bankadagur á undan.* Gjaldldagi samkvæmt samningi færirst yfir á þann bankadag sem næstur er á undan þeim degi sem tilgreindur er þegar sá tilgreindi dagur er ekki bankadagur.
- 2.3. Samsettur gerningur (e. Complex Financial Instrument) merkir fjármálagerning sem veitir rétt til að kaupa eða selja framseljanleg verðbréf eða leiðir til uppgjörs í reiðufé sem ákvarðast með tilliti til framseljanlegra verðbréfa, gjaldmiðla, vaxta eða ávöxtunarkrafna, hrávara, annarra vísitalna, mælikvarða eða afleiðusamninga.
- 2.4. Ósamsettur gerningur (Non-Complex Financial Instrument) merkir:
- hlutabréf skráð á skipulögðum markaði
 - peningamarkaðsgerninga
 - skuldabréf, önnur en þau sem tryggð eru með innbyggðri afleiðu
 - eign í verðbréfasjóði
 - aðra gerninga sem eru ósamsettir
- 2.5. *Samningsdagur.* Samningsdagur er sá dagur þegar banki staðfestir þau viðskipti og þau kjör sem viðskiptamaður hefur óskað eftir.
- 2.6. *Vaxtatímabil* er sá daga- eða mánaðafjöldi sem vaxtaútreikningur er miðaður við hverju sinni. Vextir eru reiknaðir frá og með fyrsta degi hvers vaxtatímabils og fram að síðasta degi tímabilsins. Fyrsta vaxtatímabil samnings hefst á fyrsta vaxtadegi samningsins og endar á fyrsta gjaldldaga vaxta. Hvert vaxtatímabil sem á eftir fer hefst á gjaldldaga vaxta þess tímabils sem næst er á undan og endar á næsta gjaldldaga vaxta. Síðasta vaxtatímabilið endar á lokadegi samningsins.
- 2.7. *Gjaldldagi vaxta og vaxtagreiðsla.* Gjaldldagi vaxta er á síðasta degi vaxtatímabils. Bankadagsreglur gilda um gjaldldaga vaxta. Þetta á einnig við um gjaldldaga vaxta í lok samningstíma.
- 2.8. *Fyrsti vaxtadagur* er fyrsti dagur fyrsta vaxtatímabils.
- 2.9. *Dagareglur við útreikning vaxta (hlutfallslegur dagafjöldi):* Tilgreina skal í samningi hvernig vextir skulu reiknaðir. Hægt er að beita fleiri en einni aðferð í sama samningi. Helstu aðferðirnar eru þessar:
- A/365: Fjöldi almanaksdaga á móti 365. Vaxtafótur er margfaldaður með fjölda almanaksdaga í hverju vaxtatímabili og deilt í þann dagafjölda með 365.
 - A/360: Fjöldi almanaksdaga á móti 360. Vaxtafótur er margfaldaður með fjölda almanaksdaga í hverju vaxtatímabili og deilt í þann dagafjölda með 360.
 - 30/360: 30 dagar á móti 360. Vaxtafótur er margfaldaður með fjölda daga í hverju vaxtatímabili miðað við að hver mánuður teljist 30 dagar og deilt í þann dagafjölda með 360.
- d) 30E/360: Evró-skuldabréfareglan. Vaxtaútreikningur byggist á því að árið sé 12 mánuðir þar sem hver er með 30 dögum, þó þannig að ef síðasti dagur vaxtatímabils fellur á síðasta dag febrúarmánaðar fær febrúar ekki 30 daga heldur hinn raunverulega dagafjöldi mánaðarins. Deilt er í dagafjöldann með 360.
- 2.10. *REIBOR:* Með REIBOR (Reykjavík Inter Bank Offered Rate) vöxtum er átt við meðalvexti millibankaútlána í íslenskum krónum á millibankamarkaði í Reykjavík, eins og þeir eru birtir af Seðlabanka Íslands milli kl. 11:15 og 11:30 að staðartíma dag hvern í Reykjavík.
- 2.11. *LIBOR:* Með LIBOR (London Inter Bank Offered Rate) vöxtum er átt við vexti á millibankamarkaði í London eins og þeir eru auglýstir kl. 11:00 að staðartíma í London á BBA-síðu Reuters.
- 2.12. *Varanlegur miðill* merkir í samningi þessum netbanka bankans eða aðgangsstýrða þjónustusíðu hvers viðskiptamanns inn á heimasíðu bankans. Viðskiptamaður fær úthlutað aðgangsorði að netbanka eða inn á slíka síðu og fær viðkomandi viðskiptamaður allar upplýsingar varðandi viðskipti í netbankann eða inn á þetta svæði. Viðskiptamaður getur óskað eftir að fá frekar sendar til sín upplýsingar með bréfpósti.

3. Flokkun viðskiptamanna

- 3.1. Samkvæmt lögum um verðbréfiðskipti, nr. 108/2007, er bankanum skylt að flokka alla viðskiptamenn sína sem falla undir skilmála þessa í eftirfarandi flokka: almenna fjárfesta, fagfjárfesta og viðurkennda gagnaðila.
- 3.2. Flokkun viðskiptamanna hefur aðallega áhrif á vernd fjárfesta. Þannig fá almennir fjárfestar meiri vernd og frekari upplýsingar frá bankanum heldur en fagfjárfestar eða viðurkenndir gagnaðilar. Þá ber bankanum skylda til þess að meta hvort tiltekin fjármálaþjónusta eða ákveðnir fjármálagerningar henti viðkomandi viðskiptamanni og hefur flokkun viðskiptamanns þar áhrif.
- 3.3. Viðskiptamaður getur óskað skriflega eftir að fá flokkun sinni breytt.

4. Umboð

- 4.1. Umboð sem viðskiptamaður hefur veitt öðrum til að samþykkja skilmála þessa og eiga verðbréfiðskipti með fjármálagerninga fyrir sína hönd skal talið gilda þar til bankanum hefur borist skriflega tilkynning frá umboðanda um annað. Umboðið skal hafa að geyma rithandarsýnishorn umboðsmanns og vera fullnægjandi að mati bankans. Ef viðskiptamaður er lögaðili skal umboðið staðfest af stjórn lögaðilans eða þeim er rita firma lögaðilans.
- 4.2. Viðskiptamaður skuldbindur sig til að tilkynna bankanum án tafar ef breytingar verða á útgefnu umboði sem afhent hefur verið bankanum. Ef viðskiptamaður er lögaðili skuldbindur hann sig til að tilkynna bankanum þegar í stað ef breytingar verða á framkvæmdastjórn eða prókúruhöfum hans ef tilgangi hans er breytt og ef einhverjar breytingar verða á starfsemi lögaðila sem geta haft áhrif á samningi við bankann.
- 4.3. Í viðauka 1 við skilmála þessa er dæmi um umboð vegna viðskipta með fjármálagerninga.

5. Upplýsingagjöf viðskiptamanns

- 5.1. Samkvæmt lögum um verðbréfiðskipti ber bankanum skylda til að framkvæma mat á viðskiptamanni vegna tiltekinnar þjónustu og viðskipti með tiltekna fjármálagerninga.
- 5.2. Óski viðskiptamaður eftir þessari þjónustu er honum skylt að veita bankanum umbeðnar upplýsingar. Viðskiptamaður lýsir því jafnframt yfir að þær upplýsingar sem hann veitir bankanum um þekkingu, reynslu, fjárhag, fjárfestingarstefnu og áhættusækni eru réttar. Viðskiptamaður skal einnig upplýsa bankann ef verulegar breytingar verða á upplýsingum sem hann hefur þegar veitt bankanum. Viðskiptamanni er skylt að eigin frumkvæði að veita bankanum allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að bankinn geti metið hvort þjónusta eða viðskipti eru viðeigandi fyrir hann, sbr. lög nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti. Viðskiptamaður skal einnig upplýsa bankann um það ef breytingar verða á áður veittum upplýsingum. Viðskiptamanni er hér með gert viðvart að veiti hann ófullkomnar upplýsingar, láti alfarið hjá líða að veita upplýsingar eða upplýsi ekki um breytingar á áður veittum upplýsingum leiðir það til þess að ekki verði unnt að leggja mat á hvort viðskipti eða þjónusta er viðeigandi fyrir hann.
- 5.3. Viðskiptamaður samþykkir að bankinn byggji mat sitt á viðskiptamanni á upplýsingum frá honum og að bankinn muni ekki framkvæma sjálfstæða rannsókn á höfum viðskiptamanns.
- 5.4. Viðskiptamanni er einnig ljóst að bankinn getur hugsanlega ekki veitt honum umbeðna fjármálaþjónustu ef viðskiptamaður veitir ekki réttar eða fullnægjandi upplýsingar.

6. Áhætta

- 6.1. Viðskiptamanni er ljóst að fjárfestingar og viðskipti með fjármálagerninga eru áhættusöm. Viðskiptamanni er bent á að varhugavert er að skuldbinda sig með samningi eða eiga viðskipti án þess að hafa fullan skilning á eðli og umfangi áhættunnar sem í því felst. Viðskiptamanni er ráðlagt að miða fyrirhugaða fjárfestingu út frá þekkingu og reynslu sinni í tengslum við fjármálagerninga, fjárhagsstöðu sína og fjárfestingamarkmið.

- 6.2. Með samþykki sínu á skilmálum þessum lýsir viðskiptamaður því yfir að hann hafi að fullu kynnt sér þá áhættu sem fylgir þeim verðbréfavíðskiptum sem hann óskar eftir að bankinn framkvæmi fyrir hann og fyrir hans hönd. Má bankinn gera ráð fyrir því að viðskiptamaður kynni sé áhættu og eðli fjármálagerninga áður en stofnað er til viðskipta með þá.
- 6.3. Yfirlit yfir áhættu sem fylgir helstu verðbréfavíðskiptum og helstu fjármálagerningum sem viðskiptamönnum bankans stendur til boða er að finna í viðauka 2 við skilmála þessa. Viðskiptamaður getur jafnframt óskað eftir að fá yfirlitið sent til sín.

7. Framkvæmd verðbréfavíðskipta

- 7.1. Beiðni um viðskipti getur borist hvort heldur sem er skriflega eða munnlega. Viðskiptamanni er heimilt að senda beiðni um viðskipti til bankans með tölvupósti, símbréfi, í gegnum borðsíma, á veraldarvefnum eða í gegnum Office Communicator. Bankinn getur ekki tekið á móti viðskiptabeiðnum í gegnum síma sem ekki er hljóðritaður. Skrifleg beiðni um viðskipti telst móttækin þegar hún er lesin af starfsmanni bankans. Beiðni um viðskipti er skuldbindandi fyrir viðskiptamann frá þeim tíma sem hún er móttækin af bankanum nema um annað sé sérstaklega samið.
- 7.2. Þegar bankinn tekur við beiðni um viðskipti frá viðskiptamanni eru hún afgreidd eins fljótt og auðið er með tilliti til aðstæðna á markaði hverju sinni. Bankinn framkvæmir viðskiptabeiðnir sambærilegra viðskiptamanna almennt á sama hátt, þ.e. í þeirri röð sem þær berast og eins fljótt og unnt er nema bankinn telji að hagsmunum viðskiptamanna sé þannig ekki best borgið miðað við markaðsaðstæður á þeim tíma. Bankanum ber að fara eftir stefnu um bestu framkvæmd þegar viðskipti eru framkvæmd fyrir almenna fjárfesta og fagfjárfesta, nema þeir hafi beðið sérstaklega um annað. Til að ná fram bestu niðurstöðu hverju sinni kann viðskiptabeiðnum viðskiptamanna að vera safnað saman með öðrum fyrirmælum sem berast bankanum eða beiðnum bankans. Ekki er tilkynnt sérstaklega þegar beiðnum er safnað saman. Í einstaka tilvikum kann söfnun beiðna að leiða til þess að ekki náist besta niðurstaða fyrir fjárfesti þ.e. viðskiptamann og eigin viðskipti bankans, og felst viðskiptamaður á það.
- 7.3. Taki bankinn við skilyrtum beiðnum frá viðskiptamanni um kaup eða sölu verðbréfa innan EES og telji bankinn ekki hagkvæmt að framkvæma viðskiptin strax og þau berast, mun bankinn ekki birta skilyrta beiðni viðskiptamanns opinberlega nema viðskiptamaður óski sérstaklega eftir því.
- 7.4. Bankinn staðfestir alla samninga, þ.m.t. stundarviðskipti með gjaldeyri eða verðbréf (e. spot exchange), skiptasamninga, framvirka samninga, skortsamninga o.s.frv., einhliða með tilkynningu á varanlegum miðli, eins og í netbanka viðskiptamanns, bréflaga eða með tölvupósti. Staðfestingin er full sönnun fyrir beiðni um viðskipti, efni beiðninnar og viðskiptunum sjálfum.
- 7.5. Viðskiptamaður skuldbindur sig til að samþykka samninga við bankann með undirritun sinni eða með samþykki á varanlegum miðli innan tveggja daga. Ef viðskiptamaður samþykkir ekki samninga í samræmi við framangreint er bankanum þó heimilt að telja samninga skuldbindandi fyrir viðskiptamenn.
- 7.6. Ef viðskiptamaður gerir athugasemd, skal beiðni hans, þ.m.t. upptaka í síma, samskipti gegnum Office Communicator eða tölvupóstur gilda sem sönnun fyrir skilmálum viðskipta.
- 7.7. Bankanum er aldrei skylt að framkvæma beiðnir viðskiptamanns um viðskipti og getur þess vegna hafnað þeim einhliða og án skýringa. Viðskiptamaður á ekki einhliða kröfu gagnvart bankanum um að einstök verðbréfavíðskipti séu framkvæmd á grundvelli skilmála þessara þótt hann hafi samþykkt þá. Samþykki starfsmanna bankans þarf fyrir framkvæmd allra viðskipta og getur bankinn einhliða fallist á eða hafnað beiðni um viðskipti. Viðskiptamanni er þannig ljóst og staðfestir með samþykki sínu að bankanum er heimilt að neita um einstök viðskipti og að efni einstakra viðskipta og samninga, þ.m.t. skuldsetning viðskiptamanns ef við á, getur verið mismunandi eftir félögum, mörkuðum og markaðsaðstæðum. Í því felst einnig að bankanum er ávallt einhliða heimilt að hafna beiðni viðskiptamanns um gerð nýs eða endurnýjun samnings án frekari skýringa.

- 7.8. Viðskiptamanni er skylt að afhenda bankanum öll þau gögn sem bankinn óskar eftir vegna viðskipta og leggja fram allar þær tryggingar sem bankinn telur fullnægjandi fyrir viðskiptum. Bankinn hefur og einhliða heimild til að meta hvort framlögð gögn og upplýsingar teljist fullnægjandi.
- 7.9. Ef um beiðni um viðskipti með samsettan fjármálagerning er að ræða skal bankinn meta hvort fjármálagerningurinn hæfi viðskiptamanni áður en bankinn framkvæmir viðskiptin fyrir hans hönd. Telji bankinn að fjármálagerningurinn sé ekki viðeigandi fyrir viðkomandi viðskiptamann skal bankinn ráða honum frá því að eiga viðskiptin.
- 7.10. Bankinn veitir viðskiptamönnum sínum ekki persónulega fjárfestingarráðgjöf nema sérstaklega sé óskað eftir því. Almennar upplýsingar um markaðsaðstæður og gengisþróun hverju sinni telst ekki vera persónuleg ráðgjöf til viðskiptamanna nema það sé sérstaklega tekið fram. Bankinn ábyrgist ekki að almennar upplýsingar sem bankinn veitir séu til hagsbóta fyrir viðskiptamann. Óski viðskiptamaður sérstaklega eftir því að bankinn veiti honum fjárfestingarráðgjöf í tengslum við fjárfestingu er bankanum skylt, í samræmi við ákvæði laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, að meta hæfi viðskiptamanns til viðkomandi fjárfestingar. Telji bankinn viðskiptamann ekki hæfan skal bankinn tilkynna honum það með formlegum hætti.
- 7.11. Beiðni um viðskipti eða önnur fyrirmæli viðskiptamanns til bankans eru á ábyrgð viðskiptamanns. Ef beiðni um viðskipti er gefin munnlega, s.s. í síma, ber viðskiptamaður sönnunarbyrði fyrir því að beiðni hafi verið send, að starfsfólk bankans hafi farið út fyrir fyrirmælin eða tekið ákvarðanir sem ekki hafi verið gefin munnleg fyrirmæli um. Viðskiptamaður ber alla ábyrgð og áhættu á því að beiðni um viðskipti berist bankanum með fullnægjandi hætti og bankinn áskilur sér rétt til að framkvæma ekki viðskiptafyrirmæli sem hann telur ófullnægjandi.
- 7.12. Með samþykki skilmála þessara veitir viðskiptamaður bankanum umboð til að framselja fjármálagerninga í sínu nafni.
- 7.13. Um framkvæmd viðskipta gilda auk þess reglur þeirrar kauphallar eða þess markaðar þar sem viðskiptin eru framkvæmd, eftir því sem við á.

8. Besta framkvæmd viðskipta

- 8.1. Til að tryggja bestu framkvæmd viðskipta við framkvæmd viðskiptafyrirmæla fyrir almenna fjárfesta og fagfjárfesta gerir bankinn þær ráðstafanir sem mögulegar eru, á hverjum tíma, sbr. stefnu bankans um bestu framkvæmd viðskipta.
- 8.2. Viðskiptamaður þarf að samþykkja stefnu bankans um bestu framkvæmd viðskipta áður en bankinn framkvæmir viðskiptafyrirmæli hans. Viðskiptamanni er frjálst að hafna efni stefnu bankans um bestu framkvæmd viðskipta og mæla sérstaklega fyrir um aðra framkvæmd. Bankanum ber þá að leitast við að veita þjónustu í samræmi við fyrirmæli viðskiptamanns. Breytingar á stefnu bankans um bestu framkvæmd viðskipta verða einungis gerðar á heimasíðu bankans. Stefnu um bestu framkvæmd viðskipta á hverjum tíma má nálgast á heimasíðu bankans.

9. Tilkynningar til eftirlitsaðila

- 9.1. Í kjölfar verðbréfavíðskipta með fjármálagerning sem eru tilkynningarskyld samkvæmt lögum og reglum er bankanum skylt að tilkynna um viðskiptin til viðeigandi eftirlitsaðila.

10. Afhending fjármálagerninga og greiðsla

- 10.1. Óski viðskiptamaður eftir sölu á fjármálagerningi er honum skylt að tryggja að umræddur fjármálagerningur berist bankanum áður en viðskipti verða framkvæmd kveði markaðsreglur á um það eða fari bankinn fram á slíkt. Viðskiptamaður skal bæta bankanum það tjón sem hlýst af töfum vegna afhendingar fjármálagerninga. Bankinn á rétt á staðfestingu þess efnis að viðskiptamaður sé eigandi eða geti afhent umræddan fjármálagerning.

- 10.2. Viðskiptamaður skuldbindur sig til að gera allar nauðsynlega ráðstafanir til að tryggja rétt aðilaskipti að fjármálagerningum verði þörf á atbeina viðskiptamanns. Neiti viðskiptamaður um slíka ráðstöfun er bankanum heimilt að leita til sýslumanns eða héraðsdóms til að framkvæma það sem viðskiptamaður sinnir ekki.
- 10.3. Viðskiptamaður skuldbindur sig til að eiga, á uppgjörstæði, innstæðu á skuldfærslureikningi sínum hjá bankanum, eða þeim sem bankinn vísar til, sem nemur kaupverði fjármálagerninga auk kostnaðar og hvers konar skatta. Bankanum er heimilt að kanna hvort viðskiptamaður hafi næga innstæðu á reikningi sínum til lúknings viðskiptum eða að vörslureikningur hafi að geyma fjármálagerning sem þá skal tekinn til hliðar til lúknings viðskiptum. Fari uppgjör ekki fram á uppgjörstæði vegna ófullnægjandi innstæðu á skuldfærslureikningi er um verulega vanefnd að ræða.

11. Varðveisla fjármálagerninga, fjármuna viðskiptamanna og safnskráning

- 11.1. Bankinn tryggir að eignir viðskiptamanns séu aðgreindar frá eignum bankans og tryggir, eftir bestu getu, að þeim sé haldið frá kröfuhöfum bankans.
- 11.2. Viðskiptamaður samþykkir að bankanum er heimilt að nota þjónustu og að varðveita fjármálagerninga og fjármuni viðskiptamanns hjá þriðja aðila, s.s. öðru fjármálafyrirtæki eða uppgjörsaðila, enda sé eignir viðskiptamanns varðveittar á sérstökum reikningi bankans sem stofnaður er fyrir hönd viðskiptamanns eða á safnreikningi bankans hjá þriðja aðila. Um ábyrgð bankans vegna aðgerða eða aðgerðarleysis þriðja aðila fer samkvæmt viðeigandi gildandi lögum, reglum og reglugerðum.
- 11.3. Viðskiptamaður staðfestir og samþykkir að bankanum sé heimilt að varðveita fjármálagerninga viðskiptamanns á sameiginlegum reikningi í nafni bankans hjá þriðja aðila, að fullnægðum skilyrðum safnskráningar, sbr. 12. gr. laga nr. 108/2007 og reglugerðar sem sett er á grundvelli laganna. Þá staðfestir viðskiptamaður að honum er ljóst að bankanum er skylt að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar skv. reglugerð nr. 706/2008, um safnskráningu og varðveislu fjármálagerninga á safnreikningi. Safnskráning felur í sér þá þjónustu bankans að halda utan um eignir viðskiptamanna sinna á eigin reikningi (safnreikningi) og taka við greiðslum fyrir hönd viðskiptamanna frá einstökum útgefendum verðbréfa. Helstu réttaráhrif safnskráningar eru:
 - 11.3.1. Komi til þess að bú fjármálafyrirtækis sé tekið til gjaldþrotaskipta eða farið sé fram á greiðslustöðvun, slit fyrirtækisins eða sambærilegar ráðstafanir getur viðskiptamaður á grundvelli þeirrar skrár tekið fjármálagerninga sína út af safnreikningi, enda sé ekki ágreiningur um eignarhald viðskiptamannsins. Ágreiningur um eignarhald getur hins vegar orðið til þess að réttindi tapast.
 - 11.3.2. Fjármálagerningar sem skráðir eru á safnreikningi njóta ekki atkvæðisréttar á hluthafafundum.
 - 11.3.3. Viðskiptamaður verður ekki skráður í hluthafaskrá viðkomandi félags. Arður eða önnur réttindi sem koma frá félaginu fara inn á safnreikning bankans og eru síðan skráð sem eign viðskiptamanns samkvæmt safnskrá bankans.
 - 11.3.4. Eignarhlutur í safnskráningu lýtur að öðru leyti sömu réttindum og skyldum og almennt gilda, svo sem varðandi flöggunarskyldu.
- 11.4. Viðskiptamenn bankans kunna að óska eftir viðskiptum með fjármálagerninga sem skráðir eru utan Evrópska efnahagssvæðisins. Í slíkum tilvikum kunna eignir viðskiptamanns, hvort heldur sem eru á eigin reikningi viðskiptamanns eða safnreikningi bankans, að falla undir löggjöf sem er utan lögsagnarumdæmis Evrópska efnahagssvæðisins sem getur leitt til annarrar réttarstöðu viðskiptamanns.
- 11.5. Í tengslum við samninga bankans við þriðja aðila um vörslu fjármálagerninga og verðbréfavíðskipti kunna fjármálagerningar viðskiptamanns og bankans að standa til tryggingar á uppgjöri verðbréfavíðskipta. Í slíkum tilvikum kann þriðji aðili, sem vörsluaðili, að eiga rétt til skuldajöfnunar.

12. Reikningur um rafrænt skráð verðbréf

- 12.1. Óski viðskiptamaður eftir því að gera samning um rafrétt, þ.e. framseljanleg rafræn eignarskráð verðbréf, eða leggja fram rafrétt sem tryggingu skal viðskiptamaður hafa opnað VS-reikning hjá bankanum í samræmi við lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Samþykki skilmála þessara felur í sér að viðskiptamaður veitir bankanum heimild til að flytja rafrétt af VS-reikningi í umsjón Verðbréfaskráningar Íslands eða annarrar reikningsstofnunar yfir á VS-reikning í umsjón bankans.

13. Skuldfærsla reikninga og gjaldtaka

- 13.1. Ef krafa er ekki gerð upp á gjalddaga, eða eftir atvikum á gjaldfellingardegi, er bankanum heimilt að skuldfæra reikning viðskiptamanns hjá bankanum og gera þannig kröfuna upp, óháð því í hvaða gjaldmiðli krafan er. Gjalddagi ákvarðast ýmist samkvæmt samningi eða uppgjörsvenju. Hið sama gildir um reikninga viðskiptamanns sem bankinn hefur stofnað hjá þriðja aðila vegna verðbréfiðskipta eða eignastýringar viðskiptamanns.
- 13.2. Bankinn áskilur sér þóknunir og gjöld fyrir veitta þjónustu í samræmi við verðskrá bankans eins og hún er á hverjum tíma. Bankinn áskilur sér rétt til að birta viðskiptamanni nýjar upplýsingar um þóknunir og gjöld á heimasíðu bankans. Gildandi verðskrá liggur einnig frammi í afgreiðslu bankans. Gjöld og þóknunir skal greiða þegar þess er krafist og telst sá dagur gjalddagi sé ekki um annað samið. Með undirritun sinn á skilmála þessa fellst viðskiptamaður á slíka gjalddöku og heimilar jafnframt að reikningur hans sé skuldfærður vegna þeirra.
- 13.3. Bankinn hefur haldsrétt í eignasafni viðskiptamanns þar til greiðsla þóknunar og annar kostnaður hefur verið inntur af hendi og getur selt einstaka fjármálagerninga viðskiptamanns á markaði, beitt skuldajöfnuði og ráðstafað söluandvirðinu til greiðslu þóknunar og annars kostnaðar.
- 13.4. Viðskiptamaður skal greiða öll opinber gjöld eða skatta sem lögð kunna að vera á samninginn eða greiðslur samkvæmt honum, bankanum að skaðlausu. Ef erlend bréf bera stimpilgjald bætist það á upphafsþóknun viðskiptamanns.

14. Samruni félaga, breyting á tilgangi o.fl.

- 14.1. Ef viðskiptamaður er lögaðili og taki hann ákvörðun um að sameinast öðru félagi eða félögum, skipta félaginu upp í fleiri sjálfstæð félög, breyta starfsemi sinni þannig að þörf verði á breytingum á tilgangi félags í samþykktum þess, eða verði veruleg breyting á eignaraðild í félaginu (viðskiptamannsins), er bankanum heimilt að segja upp öllum viðskiptasamningum sem eru í gildi milli aðila, telji bankinn að slíkar breytingar hafi verulega neikvæð áhrif á rekstrargrundvöll/fjárhagsstöðu félagsins/viðskiptamanns eða getu þess/hans til að standa við skuldbindingar sínar.
- 14.2. Viðskiptamaður skal tilkynna bankanum án tafar um slíka ákvörðun. Uppsagnarfrestur skal vera 15 dagar frá því bankinn tilkynnir viðskiptamanni um ákvörðun sína um að segja viðskiptunum upp. Allir samningar skulu þá falla í gjalddaga strax að liðnum uppsagnarfresti og skal fjárhagslegt uppgjör fara fram þá þegar. Aðstæður kunna á hinn bóginn að krefjast þess að skemmri frestur sé veittur og er bankanum því heimilt að setja skemmri uppsagnarfrest eða stytta áður veittan frest.

15. Tryggingar

- 15.1. Viðskiptamaður kann að vera krafinn um tryggingar sem bankinn metur fullnægjandi til tryggingar skilvísium og skaðlausum greiðslum, hvort sem er vegna einstakra viðskipta, samninga eða allsherjartryggingu. Í þeim tilvikum skal gerður sérstakur skriflegur samningur, s.s. handveðsýfirlýsing eða tryggingarbréf.
- 15.2. Viðskiptamaður skuldbindur sig til að undirrita öll skjöl í tengslum við tryggingartöku.
- 15.3. Viðskiptamanni er óheimilt að framselja, veðsetja eða ráðstafa með öðrum hætti þeim tryggingum sem hann hefur veitt bankanum án samþykkis bankans.

- 15.4. Leggi viðskiptamaður fram innstæðu á bankareikningi sem tryggingu skal reikningurinn vera handveðsettur og í vörslu bankans. Tryggingar viðskiptamanns lagðar fram í formi rafbréfa skulu veðsettar á VS-reikningi viðskiptamanns hjá bankanum. Leggi viðskiptamaður fram verðbréf á pappírformi sem tryggingu skulu verðbréfin vera handveðsettur og í vörslu bankans. Verði slík bréf (á pappírformi) síðar skráð rafrænni eignarskráningu felst í undirritun viðskiptamanns á skilmála þessa umboð til handa bankanum til þess að stofna VS-reikning í nafni viðskiptamanns, færa bréfin á hann og skrá þau veðsett bankanum.
- 15.5. Bankinn leggur mat á verðmæti trygginga og hvort þær teljist fullnægjandi. Skal mat bankans talið gilda enda sé ekki um annað samið sérstaklega. Hefur bankinn þannig sjálfðæmi um hver trygging skuli vera á hverjum tíma. Við mat á tryggingum tekur bankinn m.a. mið af markaðsverðmæti viðkomandi eigna og er endurmetið reglulega. Þar sem markaðsverðmæti trygginga getur tekið fyrirvaralausum breytingum, einkum ef tryggingar hafa verið settar í formi fjármálagerninga eða vegna breytinga á markaðsvirði samnings, er viðskiptamanni ljóst að endurmat getur leitt til þess að krafist verði viðbótartrygginga. Bankanum er þannig heimilt, hvenær sem er og af hvaða tilefni sem er, að krefja viðskiptamann um tryggingar eða viðbótartryggingar, t.d. ef markaðsverðmæti tryggingar lækkar eða ef verðmæti þau, sem tryggð eru, rýrna.
- 15.6. Setji bankinn fram kröfu um tryggingar eða viðbótartryggingar skal viðskiptamaður verða við kröfu bankans innan tveggja bankadaga frá því að bankinn hefur sett fram slíka kröfu. Breytingar á markaðsaðstæðum kunna á hinn bóginn að krefjast þess að skemmri frestur sé veittur og er bankanum því heimilt við slíkar aðstæður að setja skemmri frest, jafnvel krefjast trygginga innan klukkustundar eða stytta áður veittan frest. Verði viðskiptavinur ekki við kröfu bankans um tryggingar eða viðbótartryggingar telst það veruleg vanefnd og er bankanum þá heimilt að beita öllum vanefndaúrræðum, þ.m.t. að loka samningum og gjaldfella. Bankanum er einnig heimilt að beita öllum vanefndaúrræðum fyrirvaralaust og án samráðs við viðskiptamann ef aðstæður eru mjög sérstakar.
- 15.7. Kröfur um tryggingar eða viðbótartryggingar getur bankinn sett fram skriflega, í síma, með símbréfi (faxi) eða tölvupósti. Tilkynning þess efnis skal talin send á réttan stað hafi hún verið send á tölvupóstfang eða símbréfnúmer sem viðskiptamaður hefur gefið upp, nema bankanum sé greinilega ljóst að tilkynningin hafi ekki skilað sér. Viðskiptamaður ber ábyrgð á því ef netþjónn eða símbréfstæki hans kemur ekki tölvupósti eða símbréfi til skila, t.d. vegna bilana í tölvukerfi eða símbréfstæki. Tilkynning í síma telst þegar komin til vitundar viðskiptamanns. Viðskiptamaður skal tilkynna bankanum um leið og breyting verður á heimilisfangi hans, síma, tölvupóstfangi eða öðrum sambærilegum upplýsingum. Slík tilkynning telst móttækin þegar hún er lesin af starfsmanni bankans.

16. Skuldajöfnun (nettun) samninga og framsal

- 16.1. Um skuldajöfnun (nettun) í gjaldeyris- og verðbréfi viðskiptum, þ.m.t. afleiðuviðskiptum og inn- og útlánum, gildir eftirfarandi:
- Ef samningar sem falla undir skilmála þessa fela í sér gagnkvæmar skyldur sem inna á af hendi í sömu greiðslu á sama degi, t.d. sömu mynt eða sömu tegund verðbréfa, er bankanum heimilt að krefjast skuldajöfnunar þannig að einungis greiðist mismunur, ef einhver er.
 - Ef samningar sem falla undir skilmála þessa fela í sér gagnkvæmar skyldur sem inna á af hendi sama dag en ekki í sömu greiðslu er bankanum engu að síður heimilt að krefjast skuldajöfnunar þannig að einungis greiðist mismunur, ef einhver er. Ef greiðslur eru ekki í sömu mynt getur bankinn umreiknað greiðsluna í íslenskar krónur eða aðra umsamda mynt áður en til skuldajöfnunar kemur.
 - Ef skuldbindingar viðskiptamanns samkvæmt samningi sem fellur undir skilmála þessa eru gjaldfelldar, sbr. 17. gr., getur bankinn beitt skuldajöfnuði á kröfur samkvæmt öllum samningum

sem falla undir þessa skilmála þannig að hagnaður og tap hvors aðili um sig af öllum samningum verði gerðir upp í einu lagi og þannig mismunur til greiðslu ef einhver er.

- 16.2. Um uppgjör samkvæmt þessari grein, þ.e. mat á verðmæti fjármálagerninga og umreikning, fer samkvæmt 17. gr.
- 16.3. Með samþykki skilmála þessara samþykkir viðskiptamaður að kominn sé á skriflegur samningur við bankann í samræmi við V. kafla laga um verðbréfiðskipti um að skyldur viðskiptamanns og bankans samkvæmt samningum um afleiður, sbr. 40. gr. laga um verðbréfiðskipti, skuli jafnast hver á móti annarri með skuldajöfnun, við endurnýjun, vanefnd, greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti og að samningurinn skuli halda gildi sínu að fullu þrátt fyrir ákvæði 91. og 100. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.
- 16.4. Viðskiptamaður getur ekki framselt réttindi sín eða skyldur samkvæmt skilmálum þessum eða samningum sem gerðir eru á grundvelli hans nema með skriflegu samþykki bankans.

17. Vanefndir og gjaldfellingarheimildir

- 17.1. Vanefni viðskiptamaður skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum þessum, viðskiptum eða samningum sem falla undir skilmála þessa, án þess að slík vanefnd teljist veruleg, hefur viðskiptamaður tvo bankadaga til að leiðrétta þau atvik sem leiddu til umræddrar vanefndar. Skal sá frestur teljast frá þeim tíma sem telst upphaf vanefndar samkvæmt samningi þessum.
- 17.2. Bankanum er heimilt, en ekki skylt, að selja fjármálagerninga í heild eða hluta, gjaldfella eða loka samningum þegar viðskiptamaður vanefnir skuldbindingar sínar verulega á þeim markaði sem bankinn kys. Með gjaldfellingu er átt við að lokadagur samnings er færður fram á gjaldfellingardag. Lokun með mótstæðum samningi sem eyðir heildarmarkaðsáættu skal fara fram á eðlilegu gengi miðað við markaðgengi, markaðsvexti og kjör viðskiptamanns á þeim tíma. Við útreikning á hagnaði eða tapi er tekið mið af markaðsaðstæðum á gjaldfellingardegi. Beiti bankinn sölurétti sínum eða gjaldfelli samning eignast bankinn kröfu á viðskiptamann fyrir þeim mismun sem kanna að verða á kaupverði umrædds fjármálagernings og söluverði að viðbættum kostnaði.
- 17.3. Neðangreind tilvik getur bankinn ávallt talið verulega vanefnd á skyldum viðskiptamanns við bankann í framangreindum skilningi:
 - a) Ef viðskiptamaður hefur ekki bætt úr vanefnd innan tveggja bankadaga, sbr. 17.1. gr.
 - b) Ef viðskiptamaður er í vanskilum við bankann með aðrar skuldbindingar en þær sem falla undir skilmála þessa og hefur ekki bætt úr þeim innan tveggja bankadaga frá því að vanskil hófust eða er ítrekað í vanskilum við bankann.
 - c) Ef viðskiptamaður leggur ekki fram fullnægjandi tryggingar eða viðbótartryggingar innan tilskilins frests, sbr. 15. gr.
 - d) Ef viðskiptamaður er dæmdur til greiðslu peningaskuldar, hvort sem hún er færð í vanskilaskrá eða ekki, gert er fjárnám hjá viðskiptamanni, hann óskar eftir greiðslustöðvun, nauðasamningum, formlegum sem og óformlegum, eða samningum við almenna kröfuhafa um niðurfellingu skulda að hluta, lögð er fram umsókn um greiðsluaðlögun, lögð er fram beiðni um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, samið er um eftirgjöf skulda, breytingu á skilmálum skuldabréfa eða lánessamninga til að laga skuldir að greiðslugetu eða eignastöðu viðskiptamanns eða heimilis hans, óskað er eftir greiðslujöfnun, sótt er um aðstoð vegna greiðsluvanda til fjármálastofnunar, íbúðalánasjóður eða annar lánveitandi bregst við greiðsluvanda viðskiptamanns með því að veita skuldbreytingalán, fresta greiðslum á lánnum eða lengja lánstíma, lögð er fram beiðni um gjaldþrotaskipti (eða lög heimila eða gera kröfu um að slík beiðni sé lögð fram), beiðni er lögð fram um nauðungarsölu eigna viðskiptamanns eða fjárhag viðskiptamanns er þannig háttað að verulegar líkur eru á því að hann muni ekki geta staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum þessum eða önnur atvik svipuð eða sambærileg þeim sem að framan greinir eiga sér stað.

- e) Ef viðskiptamaður vanrækir upplýsingaskyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum, meðal annars samkvæmt 14. og 19. gr.
 - f) Ef viðskiptamaður hefur vanrækt að tilkynna bankanum um ákvörðun um samruna, skiptingu félags í fleiri sjálfstæð félög eða breytingu á tilgangi félags, sbr. 14. gr.
- 17.4. Bankinn tilkynnir viðskiptamanni um það þegar skuldbinding hans hefur verið gjaldfelld eða samningi/samningum lokað vegna verulegra vanefnda. Slík tilkynning skal send í samræmi við 15.7. gr.
- 17.5. Komi til skuldajöfnunar, gjaldfellingar eða lokunar samninga annast bankinn útreikning á hagnaði eða tapi viðskiptamanns af viðeigandi samningum sem og á markaðsverðmæti trygginga, sbr. 17.6. gr. Bankinn skal senda viðskiptamanni þann útreikning eigi síðar en fimmtán dögum eftir gjaldfellingu eða lokun samninga, geri viðskiptamaður kröfu þess efnis.
- 17.6. Þegar skuld er í gjalddaga fallin samkvæmt framansögðu er bankanum heimilt hvort heldur sem er
- a) Að láta selja hið veðsetta nauðungarsölu til fullnustu á skuldinni án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar samkvæmt 6. gr. laga nr. 90/1991, um nauðungarsölu, að því marki sem þörf er á til að bankinn fái fullnaðargreiðslu eða
 - b) selja hið veðsetta á markaði og/eða til aðila að vali bankans og/eða taka til sín hið veðsetta að eigin vali að því marki sem þörf er á til fullnustu á kröfum bankans. Skal verð hins veðsetta þá miðað við markaðsverð á þeim degi er bankinn ákveður að nýta sér heimildina. Við mat á markaðsverðmæti fjármálagerninga sem skráðir eru í kauphöll skal miðað við lokaverð í viðkomandi kauphöll daginn áður en matið fer fram. Hafi verðmyndum þann dag verið óeðlileg að mati bankans er heimilt að miða verðmatið við lokaverð fleiri bankadaga og taka tillit til veltu bréfanna einstaka daga. Við mat á markaðsverðmæti óskráðra bréfa er bankanum heimilt að nota eitt af þrennu: a. Síðasta viðskiptaverð, þ.m.t. gengi í síðustu hlutafjárhækkun félagsins. b. Framkvæma eigin verðmat. c. Taka mið af því verði sem önnur fjármálafyrirtæki eru tilbúin að greiða fyrir hið veðsetta.
- 17.7. Komi til þess að viðskiptamaður vanefni skyldur sínar við bankann verulega samþykkir viðskiptamaður að bankinn hafi fullt og ótakmarkað umboð til að framselja fjármálagerninga viðskiptamanns, kvitta fyrir allar greiðslur og framkvæma allt það sem með þarf og bankinn álitur sér hagkvæmt. Bankanum er heimilt að framselja þetta umboð. Verði þörf á frekari atbeina viðskiptamanns til að aðilaskipti að fjármálagerningum geti farið fram, t.d. með afhendingu hvers konar nauðsynlegra gagna, skuldbindur viðskiptamaður sig til að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir í því efni og sinni viðskiptamaður því ekki, er bankanum heimilt að leita aðstoðar sýslumanns og dómstóla til að láta framkvæma það, sem viðskiptamaður sinnir ekki.
- 17.8. Bankanum er heimilt en ekki skylt að umreikna kröfur í erlendri mynt yfir í íslenskar krónur á gjaldfellingardegi, eða eftir atvikum á gjalddaga kröfu, eða síðar. Skal í slíkum tilvikum miðað við skráð kaupgengi Seðlabanka Íslands kl. 11.00 á uppgjörsgangi.
- 17.9. Viðskiptamaður skal greiða dráttarvexti af kröfu bankans frá og með gjaldfellingardegi:
- a) Kröfur í erlendum myntum öðrum en evrum skulu bera dráttarvexti sem eru eins mánaða LIBOR vextir eins og þeir ákvarðast fyrir viðkomandi gjaldmiðil hverju sinni, að viðbættu vanefndaálagi 7,5% - sjö komma fimm af hundraði, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags. Með LIBOR (London Inter Bank Offered Rate) vöxtum er átt við vexti á millibankamarkaði í London eins og þeir eru auglýstir kl. 11:00 að staðartíma í London á BBA-síðu Reuters. Komi viðkomandi gjaldmiðill ekki almennt fram í vaxtatöflu BBA, skulu vextir taka mið af öðrum vöxtum á millibankamarkaði eða gjaldmiðlaskiptamarkaði sem bankinn gefur upp hverju sinni.
 - b) Kröfur í evrum skulu bera dráttarvexti sem eru eins mánaða EURIBOR vextir eins og þeir ákvarðast hverju sinni, að viðbættu vanefndaálagi 7,5% - sjö komma fimm af hundraði, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags. Með EURIBOR (European Inter Bank Offer Rate)

vöxtum er átt við vexti á millibankamarkaði í aðildarríkjum Evrópska myntbandalagsins eins og þeir eru auglýstir kl. 11:00 að staðartíma í Brussel á EURIBOR01 síðu Reuter.

- c) Kröfur í krónum skulu bera dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð fram gjalddaga til greiðsludags. Ógreiddir dráttarvextir leggjast við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir fyrsta dag vanskila.
- 17.10. Komi til vanefnda af hálfu viðskiptamanns á skyldum hans, skuldbindur viðskiptamaður sig til þess að greiða bankanum auk vaxta og dráttarvaxta allan kostnað sem bankinn leggur út fyrir vegna vanefndanna, málsóknar eða annarra réttargjalda, lögmannspóknunar eða öðru er bankanum ber að greiða, svo og annan lögfræðilegan kostnað vegna innheimtu samkvæmt skilmálum þessum, auk kostnaðar samkvæmt gjaldskrá bankans og/eða þess aðila sem tekur að sér innheimtu kröfunnar og/eða eftir ákvörðun dómstóla.
- 17.11. Komi til þess að skuldbindingar viðskiptamanns séu gjaldfelldar eða samningum lokað, að hluta til eða öllu, er bankanum heimilt á frekari fyrirvara að leita fullnustu fyrir kröfum sínum í þeim tryggingum sem viðskiptamaður hefur sett á hvern þann hátt sem bankinn kys, m.a. með sölu fjármálagerninga án nauðungarsölu. Er bankanum í sjálfsvald sett hvort leitað er fullnustu í öllum tryggingum sem settar hafa verið eða einungis hluta þeirra og þá í hvaða röð það er gert.

18. Ábyrgð á samningum, skaðleysisfirlýsing, force majeure

- 18.1. Með samþykki sínu á skilmálum þessum lýsir viðskiptamaður því yfir að honum er ljóst að þau viðskipti þau sem hann kann að eiga við bankann og sem falla undir skilmála þessa geta verið sérstaklega áhættusöm. Ber viðskiptamanni því að afla sér ráðgjafar utanaðkomandi sérfræðinga telji hann hennar þörf. Óski viðskiptamaður eftir álit starfsmanna bankans og láti þeir álit í té á grundvelli slíkrar óskar, er áréttað að það álit sem starfsmenn kunna að láta honum í té á grundvelli slíkrar beiðni er eingöngu skoðun viðkomandi starfsmanns á þeim tíma og getur breyst án fyrirvara.
- 18.2. Viðskiptamaður gerir sér grein fyrir að í viðskiptum bankans sem falla undir skilmálana felst hvorki viðskiptavakt né eignastýring fyrir viðskiptamann. Af því leiðir að bankinn ábyrgist ekki tilkynningar til viðskiptamanns um stöðu samninga eða lokun þeirra við ákveðin mörk, nema samið sé sérstaklega um slíkt með þeim sérstöku og almennu fyrirvörum sem kunna að gilda hverju sinni. Það er því alfarið á ábyrgð viðskiptamanns að fylgjast með stöðu og þróun þeirra samninga sem hann hefur gert við bankann.
- 18.3. Bankinn birtir reglulega, á heimasíðu sinni, upplýsingar um ýmsa fjárfestingakosti á markaði hverju sinni. Birting þessara upplýsinga er einungis til upplýsinga fyrir viðskiptamenn og ekki skal líta á upplýsingarnar sem persónulega ráðgjöf til viðskiptamanna.
- 18.4. Bankinn ber ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu meintu tjóni eða tapi viðskiptamanns vegna breytinga á gengisþróun í kjölfar gjaldfellingar, t.d. ef viðskiptamaður hefði hagnast á gengisþróun ef ekki hefði komið til gjaldfellingar.
- 18.5. Þar sem markaðsaðstæður geta breyst mjög á skömmum tíma getur bankinn ekki ábyrgst að unnt sé að afgreiða fyrir mæli viðskiptamanns um gerð samnings eða viðskipta á umbeðnu gengi. Bankinn ber ekki ábyrgð á því tjóni eða tapi sem viðskiptamaður kann að verða fyrir við það að beiðni um gerð samnings eða einstök viðskipti séu afgreidd á óhagstæðara gengi en fyrir mæli gerðu ráð fyrir, t.d. vegna gengisþróunar á þeim tíma sem það tekur að afgreiða beiðnina.
- 18.6. Bankinn ber ekki ábyrgð á því ef viðskiptamaður vanefnir skyldur sínar gagnvart bankanum og bankinn gengur þar af leiðandi að tryggingum eða beitir þeim ákvæðum sem honum eru heimilar og tryggingar eru seldar eða gengið að þeim að öðru leyti á lægra verði eða gengi en viðskiptamaður kann að hafa gert ráð fyrir.

- 18.7. Bankinn ber ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni eða tapi er viðskiptamaður kann að verða fyrir ef skattur sem taka á af viðskiptamanni er ekki tekinn eða ranglega tekinn. Verði lagður skattur eða opinber gjöld á samning eða einstök viðskipti sem falla undir skilmála þessa skal viðskiptamaður greiða þau. Ef sú skylda er á bankanum samkvæmt lögum að sjá um innheimtu og skil skattgreiðslna viðskiptamanns er bankanum heimilt að skuldfæra slíkar greiðslur af bankareikningum viðskiptamanns, hvort sem er af ráðstöfunarreikningi, tryggingarreikningi eða öðrum reikningi í hans eigu, og/eða með sölu þeirra eigna sem standa til tryggingar fyrir viðskiptum viðskiptamanns hjá bankanum.
- 18.8. Bankinn ber ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni eða tapi er viðskiptamaður kann að verða fyrir sem orsakast beint eða óbeint vegna bilunar í tækjum eða tölvubúnaði bankans eða af öðrum hliðstæðum orsökum, s.s. við notkun á póstkerfi, síma, telexi, símbréfi(faxi) eða tölvupósti. Þá er bankinn ekki ábyrgur fyrir tjóni eða tapi sem orsakast beint eða óbeint vegna upplýsinga eða aðgerða þriðja aðila.
- 18.9. Bankinn ber ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni eða tapi sem stafar af óviðráðanlegum atvikum (e. force majeure), s.s. stríði eða yfirvofandi stríðsátökum, hryðjuverkum, náttúruhamförum, verkfalli, verkbanni, lokunum landamæra, viðskipta- eða hafnbanni, gjaldeyrishöftum eða yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á fjármálafyrirtæki eða við sérstakar og óvenjulegar aðstæður á fjármálamarkaði.
- 18.10. Verði veruleg breyting á viðskiptakjörum bankans vegna atvika sem honum verður ekki kennt um, svo sem vegna breytinga á lánamörkuðum, ákvarðana stjórnvalda, styrjalda, kjarnorkuslysa eða annarra atriða sem almennt eða oft eru talin falla undir force majeure tilvik þannig að bankanum verði ómögulegt að afla lánsfjár til fjármögnunar á verðbréfi viðskiptum eða samningum, sem undir skilmála þessa falla, á sambærilegum kjörum og gengið var út frá við samningsgerð, getur bankinn, að undangenginni tilkynningu til viðskiptamanns gjaldfellt eftirstöðvar lána eða fært lokadag samnings fram með sjö daga fyrirvara. Sama gildir verði verulegar breytingar til hins verra á viðskiptakjörum ríkissjóðs á erlendum lánamörkuðum.
- 18.11. Bankinn ber ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni eða tapi sem stafar af atburðum sem eru stjórnmalalegs, félagslegs, fjármálalegs eða efnahagslegs eðlis og eru líkleg til að koma í veg fyrir, rjúfa eða trufla að hluta eða öllu leyti þá þjónustu er bankinn veitir, jafnvel þó að slíkir atburðir flokkist ekki undir óviðráðanleg atvik.
- 18.12. Bankinn ber hvorki ábyrgð á að fjármálagerningur beri þá ávöxtun sem bankinn eða viðskiptamaður hefur væntingar um, né heldur að þróun gjaldmiðla verði með þeim hætti er aðilar kunna að gera sér vonir um. Þá ber bankinn ekki ábyrgð á því ef ekki er hægt að kaupa eða selja fjármálagerninga þá eða gjaldeyri er viðskiptamaður hefur óskað kaupa eða sölu á, á því verðbili er viðskiptamaður hefur óskað eftir.

19. Upplýsingaskylda og tilkynningar bankans

- 19.1. Bankinn skal senda viðskiptamönnum kvittun um sérhver viðskipti fjármálagerninga og gjaldeyris sem framkvæmd eru fyrir viðskiptamann eigi síðar en næsta bankadag eftir framkvæmd viðskiptanna eða, ef bankinn móttekur staðfestingu frá þriðja aðila, eigi síðar en fyrsta bankadag eftir að staðfesting hefur borist frá þriðja aðila. Bankinn sendir slíka tilkynningu með tölvupósti, bréflega eða á varanlegum miðli, eins og í heimabanka viðskiptamanns. Hafi viðskiptamaður ekki gert skriflegar athugasemdir við kvittun eða yfirlit innan tveggja daga frá dagsetningu þeirra er bankanum heimilt að líta svo á að viðskiptamaður geri ekki athugasemd við kvittun eða yfirlit. Komi síðar villur í ljós skulu þær leiðréttar og tilkynning send þess efnis.
- 19.2. Komi til gjaldfellingar samnings, eða viðskiptamaður vanefnir greiðslu á gjalddaga, skal bankinn senda viðskiptamanni tilkynningu um útreikning bankans á greiðsluskyldunni og eftir atvikum verðmæti trygginga sem gengið hefur verið að. Tilkynningin skal send innan tuttugu og eins dags frá gjalddaga, gjaldfellingu eða þeim degi sem gengið var að tryggingu.

- 19.3. Viðskiptamanni er skylt að tilkynna bankanum þegar í stað um allt það er kann að hafa áhrif á viðskiptasamband aðila, þ. á m. um allar fyrirleggjandi eða fyrirsjáanlegar vanefndir eða öll atvik er leitt gætu til vanefnda, hvort sem er samkvæmt skilmálum þessum eða öðrum skilmálum eða samningum milli aðila. Þá er viðskiptamanni skylt að tilkynna bankanum ef hann er eða verður innherji í félagi sem skráð er á markaði eða ef aðrar sambærilegar ástæður takmarka heimild viðskiptamanns til að eiga viðskipti með ákveðna fjármálagerninga.
- 19.4. Viðskiptamaður skal hvenær sem bankinn óskar þess, afhenda bankanum hverjar þær upplýsingar sem bankinn telur nauðsynlegt að afla og lúta að fjárhagsstöðu viðskiptamanns eða þekkingu og reynslu hans af viðskiptum.
- 19.5. Viðskiptamaður lýsir því yfir með sérhverjum beiðnum er varða erlenda fjármálagerninga að allir erlendir fjármálagerningar sem hann, eða aðrir í hans umboði, kann að eiga viðskipti með fyrir milligöngu bankans tilheyra honum persónulega og að hann teljist raunverulegur eigandi þeirra (e. beneficial owner) og að fjármálagerningana megi hvorki nú né síðar rekja til refsiverðar háttsemi.
- 19.6. Bankinn mun ekki birta tilkynningar um fyrirtækjaaðgerðir fyrirtækja sérstaklega. Með fyrirtækjaaðgerðum er átt við aðgerðir sem leiða til breytinga á fjárhagslegri skuldbindingu fyrirtækja, s.s. arðsúthlutun og útgáfa jöfnunarhlutafjár. Viðskiptamaður lýsir því yfir að hann sé ábyrgur fyrir því að fylgjast með tilkynningum um slíkar fyrirtækjaaðgerðir og að ákvörðun hans um að taka þátt í slíkum fyrirtækjaaðgerðum er á hans ábyrgð. Skal viðskiptamaður koma óskum þess efnis á framfæri við bankann sem hefur milligöngu um þátttöku hans.
- 19.7. Við andlát viðskiptamanns eða slit, ef hann er lögaðili, skal gera bankanum viðvart og skal þar til bær aðili upplýsa bankann um ráðstöfun réttinda og skyldna viðskiptamanns. Hafi bankinn ekki fengið upplýsingar frá slíkum aðila innan fimm bankadaga frá andláti eða sliti viðskiptamanns skulu áður gefnar upplýsingar, t.d. um heimildir til að koma fram fyrir hönd viðskiptamanns, teljast réttar auk þess sem bankanum er þá heimilt, en ekki skylt, að gjaldfella og/eða loka samningum viðskiptamanns við bankann. Ber bankinn enga ábyrgð á tjóni sem kanna að verða vegna þessa. Bankinn áskilur sér jafnframt rétt til að neita að fylgja fyrirætlum ef minnsta óvissa er um það hver skuli hafa rétt til að taka ákvarðanir varðandi réttindi og skyldur viðskiptamanns eftir andlát eða slit hans og ber bankinn enga ábyrgð vegna tjóns sem stafa kann af því.
- 19.8. Með staðfestingu þessara skilmála lýsir viðskiptamaður því yfir að bankanum er heimilt að eiga öll samskipti við viðskiptamann skriflega, í síma, með símbréfi (faxi), tölvupósti eða á varanlegum miðli eða í gegnum heimasíðu bankans. Viðskiptamaður samþykkir áhættuna sem felst í rafrænu samskiptaformi m.a. hættuna á því að tölvupóstur komist ekki til skila á réttum tíma og mögulega hættu á því að trúnaði verði stefnt í hættu með slíku samskiptaformi. Samskipti skulu talin hafa átt sér stað hafi beiðni um að framkvæma tiltekin viðskipti borist í gegnum tölvupóstfang eða símbréf sem viðskiptamaður hefur gefið upp, nema bankanum sé greinilega ljóst að upplýsingar hafi ekki skilað sér, t.d. með svarpósti þess efnis að netfang sé ekki lengur virkt.
- 19.9. Viðskiptamaður ber ábyrgð á því ef netþjónn eða símbréfstæki hans kemur ekki tölvupósti eða símbréfi til skila, t.d. vegna bilana í tölvukerfi eða símbréfstæki. Viðskiptamaður skal tilkynna bankanum um leið og breyting verður á heimilisfangi hans, síma, tölvupóstfangi eða öðrum sambærilegum upplýsingum. Skrifleg beiðni telst móttækin þegar hún er lesin af starfsmanni bankans.
- 19.10. Bankanum er skylt að veita viðskiptamanni yfirlit, tilkynningar, staðfestingar á viðskiptum, kvittanir o.s.frv. á varanlegum miðli. Tilkynning í síma telst þegar komin til vitundar fjárfestis.
- 19.11. Með staðfestingu þessara skilmála lýsir viðskiptamaður því yfir að bankanum sé heimilt að miðla upplýsingum er varða viðskiptamann sérstaklega s.s. breytingum og uppfærslu á stefnu um bestu framkvæmd, stefnu gegn hagsmunaárekstrum og breytingum á þessu skilmálum á varanlegum miðli. Viðskiptamaður getur fengið slík gögn með bréfpósti óski hann sérstaklega eftir því.

20. Aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

- 20.1. Til að uppfylla ákvæði laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006, ber bankanum skylda til að afla upplýsinga um viðskiptamann. Ef viðskiptamaður er einstaklingur og hefur við samþykkt skilmála þessara ekki áður stofnað til viðskipta hjá bankanum skal hann sanna á sér deili með því að fylla út og undirrita eyðublað um upphaf viðskipta og afhenda umbeðin gögn. Þá skal viðskiptamaður, ef hann er lögaðili og hefur við samþykkt skilmála þessara ekki áður stofnað til viðskipta hjá bankanum, sanna á sér deili með því að fylla út og undirrita eyðublað um upphaf viðskipta fyrir lögaðila og afhenda umbeðin gögn. Þ.m.t. upplýsingar um starfsemi og hverjir hafi heimild til að skuldbinda lögaðilann gagnvart bankanum. Prókúruhafar lögaðila skulu sanna á sér deili með framvísun persónuskilríkja.
- 20.2. Þá skal bankinn einnig afla sömu upplýsinga um raunverulegan eiganda, ef við á, sbr. ákvæði laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Með raunverulegum eiganda er átt við einstakling, einn eða fleiri, sem í raun eiga eða stýra þeim einstaklingi eða lögaðila sem skráður er fyrir eða framkvæmir viðskiptin. Raunverulegur eigandi telst m.a. vera einstaklingur eða einstaklingar sem í raun eiga eða stjórna lögaðila í gegnum beina eða óbeina eignaraðild að meira en 25% hlut í lögaðilanum, ráða yfir meira en 25% atkvæðisréttar eða teljast á annan hátt hafa yfirráð yfir lögaðila. Ef viðskiptamaður er erlendur lögaðili skal hann leggja fram vottorð frá samsvarandi erlendum stofnunum.
- 20.3. Bankinn skal varðveita ljósrit af persónuskilríkjum og öðrum gögnum sem krafist er, eða fullnægjandi upplýsingar úr þeim, í a.m.k. fimm ár frá því að viðskiptum lýkur.
- 20.4. Bankinn áskilur sér jafnframt rétt til að krefjast frekari gagna um viðskiptamann og þá fjármuni sem hann hyggst vera með í vörslu hjá bankanum eða stunda viðskipti með við bankann.
- 20.5. Með samþykki skilmálana staðfestir viðskiptamaður að þeir fjármunir sem hann afhendir bankanum eru í hans eigu. Óski hann eftir, við stofnun viðskipta eða síðar, að leggja fram fjármuni í eigu annarra skal hann tilkynna bankanum um slíkt skriflega og getur bankinn þá krafist allra nauðsynlegra gagna í því sambandi. Hið sama gildir ef breytingar verða á þeim upplýsingum eða gögnum sem viðskiptamaður afhendir bankanum samkvæmt framanrituðu.

21. Upptaka símtala, geymsla og vistun gagna

- 21.1. Til að tryggja öryggi viðskiptamanns og bankans og sem tæki til að leiðrétta hugsanlegan misskilning, er viðskiptamanni kunnugt um að viðskiptasímtöl við bankann kunna að vera hljóðrituð án sérstakrar tilkynningar í hvert sinn, enda staðfestir viðskiptamaður með samþykki skilmála þessara að honum er kunnugt um að slíkt kunnir að vera gert. Hið sama gildir um samtöl í gegnum Office Communicator.
- 21.2. Símaupptökur eru gerðar í samræmi við heimild í lögum um fjarskipti, nr. 81/2003.
- 21.3. Með samþykki skilmála þessara samþykkir viðskiptamaður að upptökur kunni að vera lagðar fram í dómsmáli og notaðar sem sönnunargagn í öðrum tilvikum ef upp kemur ágreiningur um hvað aðilum fór á milli, svo sem um forsendur eða framkvæmd viðskipta. Að öðru leyti skal bankinn fara með upptökur líkt og með aðrar upplýsingar er lúta þagnarskyldu, sbr. 58. til 60. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
- 21.4. Öll gögn, hverju nafni sem nefnast, sem innihalda upplýsingar um viðskipti viðskiptamanna og framkvæmd þeirra eru vistaðir hjá bankanum í það minnsta fimm ár.

22. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

- 22.1. Bankanum er nauðsynlegt og ber lagaskylda til að vinna persónuupplýsingar um viðskiptamenn sína til að gegna hlutverki sínu sem fjármálafyrirtæki og tryggja öryggi í fjármálabjónustu. Bankinn ber

almennt ábyrgð á vinnslu og meðferð persónuupplýsinga. Þær upplýsingar sem um ræðir eru m.a. nafn, kennitala, heimilisfang og upplýsingar um einstök viðskipti viðskiptamanns.

- 22.2. Með því að samþykkja skilmála þessa heimilar viðskiptamaður bankanum að vinna persónuupplýsingar um viðskiptamann. Við vinnslu persónuupplýsinga er aðgangur takmarkaður við þá starfsmenn bankans sem hann þurfa starfs síns vegna en bankanum er þó heimilt að miðla upplýsingum sem viðskiptamaður hefur afhent bankanum, t.d. vegna flokkunar viðskiptamanns eða beiðni um að vera fagfjárfestir, til ólíkra sviða bankans. Auk þess er bankanum heimilt að miðla persónuupplýsingum um viðskiptamann til vinnsluaðila, aðila sem gert hafa þjónustusamning við bankann eða aðila sem veita bankanum þjónustu, ábyrgðarmanns að skuld viðskiptamanns eða annarra aðila sem viðskiptamaður heimilar auk eftirlitsaðila sem til þess hafa heimild samkvæmt lögum, s.s. Fjármálaeftirlits. Hið sama gildir um miðlun upplýsinga til dóttur- og hlutdeildarféлага bankans. Þá er bankanum heimilt að miðla upplýsingum um vanskil viðskiptamanns sem varað hafa í a.m.k. 40 daga til Creditinfo til birtingar á skrá Creditinfo um vanskil o.fl. Fyrir lántöku og ef til vanskila kemur heimilar viðskiptamaður að bankinn kanni og nýti sér allar þær upplýsingar sem er að finna um viðskiptamann í kerfi Creditinfo.
- 22.3. Persónuupplýsingar um viðskiptamann eru varðveittar á meðan viðskiptamaður er í viðskiptum, eins lengi og lög mæla fyrir um eða viðskiptahagsmunir bankans krefjast þess og málefnaleg ástæða þykir til.
- 22.4. Viðskiptamaður á samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga rétt á vitneskju um þær persónuupplýsingar sem unnið er með eða hefur verið unnið með hjá bankanum. Einnig á hann rétt á að rangar eða villandi persónuupplýsingar séu leiðréttar eða að þeim sé eytt.

23. Kvartanir

- 23.1. Sé viðskiptamaður óánægður með veitta þjónustu eða telji sig ekki hafa fengið fullnægjandi þjónustu samkvæmt þessum skilmálum skal viðskiptamaður snúa sé til regluvarðar bankans eins fljótt og auðið er.

24. Trúnaður og óhlutdrægni

- 24.1. Bankanum ber að gæta fyllsta trúnaðar gagnvart viðskiptamanni um öll viðskipti hans við bankann og önnur atriði er varða hann og leynt eiga að fara samkvæmt lögum og eðli máls, nema að dómari úrskurði að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða til lögreglu eða skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt skýru lagaboði eða samningi. Undir þetta falla m.a. skyldur til að veita kauphöllum upplýsingar samkvæmt samningum eða skilmálum þeirra.
- 24.2. Samkvæmt lögum nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, skal bankinn gera ákveðnar upplýsingar um tiltekin viðskipti opinberar. Með staðfestingu þessara skilmála samþykkir viðskiptamaður að bankanum sé heimilt að gera þessar upplýsingar opinberar. Samkvæmt reglum ýmissa ríkja getur bankanum verið skylt, að viðlagðri refsíábyrgð og missir atkvæðisréttar, að upplýsa um raunverulega eigendur hlutabréfa í almenningshlutafélögum hvort sem flöggunarmörkum er náð eða ekki. Óski viðskiptamaður eftir að eiga viðskipti á slíkum mörkuðum felst í slíkri beiðni jafnframt heimild til handa bankanum og vörsluaðilum hans til að upplýsa viðkomandi kauphöll eða hlutaskrá um eignarhaldið.
- 24.3. Viðskiptamanni er ljóst að bankinn kann sjálfur að vera mótaðili í samningum eða einstökum viðskiptum við viðskiptamann, en er jafnframt ljóst að bankanum er skylt að gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart viðskiptamanni í starfsemi sinni lögum samkvæmt og ber ávallt að haga störfum sínum þannig að viðskiptamaður njóti jafnræðis í viðskiptum varðandi öll atriði er máli skipta eins og fram kemur í stefnu bankann um hagsmunaárekstra. Eigin viðskipti bankans skulu því á engan hátt rekast á við hagsmuni viðskiptamanns. Stefnu bankans gegn hagsmunaárekstrum má nálgast á heimasíðu bankans. Viðskiptamaður getur jafnframt óskað eftir að fá stefnuna senda til sín með bréfpósti.

25. Ýmis ákvæði

- 25.1. Skilmálar þessir og þeir samningar sem gerðir eru á grundvelli þeirra lúta íslenskum lögum. Komi upp ágreiningur við túlkun skilmála þessara eða samninga gerða á grundvelli þeirra skal dómsmál um ágreininginn rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Viðskiptamanni er ljóst að honum er heimilt að skjóta ágreiningi til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki.
- 25.2. Öll samskipti milli bankans og viðskiptamanns vegna viðskipta sem þessir skilmálar taka til, skulu fara fram á íslensku eða ensku.
- 25.3. Komi upp ósamræmi milli skilmála þessara og ákvæða í samningi sem gerður er á grundvelli þeirra skulu ákvæði samningsins gilda.
- 25.4. Bankinn áskilur sér rétt til að fella skilmála þessa úr gildi, bæta við þá eða breyta hvenær sem er. Verði slíkt gert verður það tilkynnt viðskiptamanni á varanlegum miðli. Viðskiptamaður getur jafnframt óskað eftir að fá slíkar breytingar sendar til sín með bréfpósti.
- 25.5. Skilmálar þessir eru staðlaðir og verður því ekki breytt af hálfu viðskiptamanns. Áritanir, útstrikanir, viðbætur eða annars konar breytingar sem viðskiptamaður gerir á þeim hafa því ekkert gildi gagnvart bankanum.
- 25.6. Skilmálar þessir taka gildi 1. apríl 2012 og gilda um alla samninga sem gerðir eru eftir þann dag. Eldri skilmálar halda gildi sínu gagnvart þeim samningum sem gerðir voru fyrir þann dag.

Kvika banki hf.

Reykjavík, 15. mars 2012.

VIÐAUKI 1

Umboð vegna verðbréfavíðskipta

Undirritað/ur/uð

Nafn _____

kt. _____

heimili _____

hér eftir víðskiptamaður, veitir hér með eftirtöldum umboðsmönnum fullt og ótakmarkað umboð til þess að eiga víðskipti með fjármálagerninga við Kviku hf. og ráðstafa eignum víðskiptamanns, í samræmi við víðskiptaskilmála bankans og rita undir öll nauðsynleg skjöl., þ.m.t. samninga og uppgjör, fyrir hönd víðskiptamanns:

Nafn umboðsmanns:

Starfsheiti:

Sími:

Fax:

Netfang:

Umboð þetta nær m.a. til þess að kaupa og selja fjármálagerninga, skuldsetja víðskiptamann meðal annars með því að setja eignir víðskiptamanns að veði til tryggingar lánnum til verðbréfakaupa eða gerð afleiðusamninga, innleysa fjármálagerningana og selja. Víðskiptamaður veitir umboðsmanni þannig fulla og ótakmarkaða heimild til að opna og loka samningum fyrir hönd víðskiptamanns. Umboðið nær þannig til að undirrita lánsamninga fyrir hönd víðskiptamanns, setja eignir víðskiptamanns að veði sem tryggingu fyrir lánnum til verðbréfakaupa eða öðrum afleiðuvíðskiptum. Umboð veitir einnig fulla og ótakmarkaða heimild til að samþykkja kjör og aðra skilmála fyrir hönd víðskiptamanns.

Víðskiptamaður samþykkir jafnframt með undirritun sinni að framangreind heimild umboðsmanns er að sömu fjárhæð og heildarheimild víðskiptamanns er hjá bankanum á hverjum tíma og getur hækkað þar sem breytingar geta orðið á fjárhæð þeirra skuldbindinga sem umboðsmaður hefur framkvæmt þannig að skuldsetning víðskiptamanns getur verið umfram það sem hann heimilaði í upphafi, t.d. ef breytingar verða mörkuðum, s.s. breytingar verða á gengi hlutabréfa eða gengi gjaldmiðla eða fyrirtæki verða gjaldþrota. Víðskiptamaður gerir sér jafnframt grein fyrir því að skuldsetning getur numið hærri fjárhæð en samkvæmt umboði að teknu tilliti til vaxta, dráttarvaxta, þóknana, annars fjármagnskostnaðar, lántökukostnaðar, innheimtukostnaðar og annars kostnaðar.

Umboð þetta felur einnig í sér heimild til að stofna reikning víðskiptamanns í nafni bankans í öðrum banka eða innlánsstofnun enda sé reikningur víðskiptamanns ávallt auðkenndur víðskiptamanni í kerfum bankans, og til að leggja inn á reikninginn eða taka út af honum fé vegna frekari fjárfestinga eða greiðslu skuldbindinga, ákveða

vaxtakjör og aðra skilmála. Reikningur þessi er eingöngu notaður vegna markaðsviðskipta viðskiptamanns og er innstæða reikningsins veðsett bankanum.

Ennfremur nær umboðið til að framselja fjármálagerninga í eigu hans, sem eru í vörslu Kvíku hf., til handhafa með eyðuframsali eða til tiltekins aðila. Umboð samkvæmt þessari málsgrein er veitt samkvæmt ákvæði gildandi laga um verðbréfavíðskipti, verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Allt það sem framangreindur umboðsmaður gerir samkvæmt umboði þessu skal vera jafngilt og viðskiptamaður hafi sjálfur gert það.

Umboð framangreinds umboðsmanns gildir þar til það hefur verið afturkallað skriflega af viðskiptamanni og afturköllunin borist bankanum með sannanlegum hætti. Viðskiptamaður verður því bundinn við alla samninga sem ofangreindur aðili kann að stofna til, þar til gild afturköllun berst til bankanum.

Staður og dagsetning

Undirritun: _____

Rithandarsýnishorn umboðsmanns: _____

Ef lögaðili:

Ef einstaklingur:

Í stjórn viðskiptamanns:

Vottar að rétttri dagsetningu, fjárræði

og undirritun aðila:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

VIÐAUKI 2

Lýsing áhættu

Hér verður gefið yfirlit um eðli og áhættu fjármálagerninga. Yfirlitið er ekki tæmandi um efnið. Tilgangurinn með þessu yfirliti er að veita viðskiptamönnum Kviku hf. upplýsingar um eðli og áhættu fjármálagerninga og vara þá við áhættunni sem fylgir fjárfestingum í fjármálagerningum. Viðskiptamönnum er hér með bent á að þeir ættu ekki að eiga viðskipti með fjármálagerninga nema þeir geri grein fyrir áhættunni sem því fylgir fyrir þá.

Viðskiptamönnum Kviku hf. er bent á að kynna sér sjálfir betur þau atriði sem hér er fjallað um.

1. Almenn um áhættu

1.1. Efnahagsleg áhætta

Ástand efnahagslífsins hefur oft áhrif á verð fjármálagerninga og getur það sveiflast í takt við efnahagslífið.

Sveiflur í efnahagslífinu geta verið mislangar og mismiklar. Eins geta þær haft mismunandi áhrif á ýmsa geira atvinnulífsins. Hagsveiflur eru einnig mismunandi milli landa. Gæta þarf að þessum þáttum þegar ákvörðun er tekin um fjárfestingu.

1.2. Verðbólguáhætta

Nauðsynlegt er að viðskiptamenn geri sér grein fyrir raunvirði eigna sinna og raunávöxtun eða raunvöxtum sem vænta má að þær skili. Raunvextir eru mismunurinn á nafnvöxtum og verðbólgu.

1.3. Áhætta af aðgerðum stjórnvalda

Komið getur fyrir að skuldari, jafnvel þó hann sé fyllilega gjaldfær, geti ekki greitt afborganir af láni á gjalddaga vegna þess að hann getur ekki keypt gjaldeyri vegna aðgerða stjórnvalda, t.d. gjaldeyrishafta. Ýmsar aðgerðir stjórnvalda geta leitt til óstöðugleika í efnahagslífinu og stjórn málum. Fjárfestar gætu þurft að fá lán endurgreidd í mynt sem reynist ekki lengur skiptanleg vegna gjaldeyrishafta. Líklega er ómögulegt að verjast áhættu af þessu tagi.

1.4. Gjaldeyrissáhætta

Fjárfesting í fjármálagerningum í erlendri mynt er almennt háð gjaldeyrissáhættu vegna þess að gengi gjaldmiðla sveiflast. Þessar breytingar á gengi gjaldmiðla geta valdið tjóni. Sem dæmi um þætti sem hafa áhrif á gengi gjaldmiðla eru veðbólguþing í viðkomandi landi, mismunur milli innlands vaxtastigs og vaxtastigs í öðrum löndum, þróun atvinnulífsins, stjórn málaástand í landinu og í heiminum og öryggi fjárfestinganna sem um ræðir.

1.5. Seljanleikaáhætta

Sölutregða á markaði getur komið í veg fyrir að viðskiptamaður geti selt fjármálagerninga sína eða þurft að selja þá á undirverði. Gera verður greinarmun annars vegar á sölutregðu sem stafar af framboði eða eftirspurn á markaði og hins vegar á sölutregðu sem stafar af eiginleikum fjármálagerningsins sjálfs eða venjum á markaði.

Hið fyrrnefnda stafar af því að framboð eða eftirspurn á tilteknu verði er lítið. Þá kann að vera ómögulegt að framkvæma fyrirsmæli um kaup eða sölu strax eða aðeins hægt á óhagstæðum kjörum. Kostnaður af viðskiptunum kann einnig að vera hærri.

Hið síðarnefnda getur komið til vegna tafsamra framsalsferla vegna viðskipta með skráð hlutabréf, tafa á uppgjöri eða öðrum aðstæðum. Sölutregða getur einnig stafað af lausafjárskorti.

1.6. Huglæg áhætta

Það kann að vera erfitt að henda reiður á hvaða þættir hafa áhrif á gengi fjármálagerninga. Tilfinningar, skoðanir og orðrómur geta haft áhrif. Slíkir þættir geta haft veruleg áhrif á gengi og valdið tjóni jafnvel þótt framtíðarhorfur fyrirtækja hafi í raun ekki breyst til hins verra.

1.7. Lánsfjáráhætta

Aukin áhætta fylgir því að fjármagna kaup á fjármálagerningum með lánsfé. Lánveitandi kann að krefjast viðbótartrygginga ef verð þróast á þann veg að farið sé yfir þær láns heimildir sem tryggingin stendur undir. Ef viðskiptamaður leggur ekki fram viðbótartryggingar þegar þess er krafist kann bankinn að neyðast til þess að selja fjármálagerninga viðskiptamannsins á óhagstæðum tíma.

Þá getur tap af óhagstæðri breytingu á gegni fjármálagerninga að vera meira en hin upphaflega fjárfesting. Sveiflur í gengi veðsettra fjármálagerninga geta haft neikvæð áhrif á getu til þess að endurgreiða lán. Hættan á tapi vegna gengisbreytinga er meiri í skuldsettum fjárfestingum en óskuldsettum.

2. Áhætta af tilteknum fjárfestingum

2.1. Skuldabréf

Skuldabréf er einhliða, óskilyrt og skrifleg viðurkenning á peningaskuld. Algengt er að samkvæmt skuldabréfi beri skuldara, sem getur verið einstaklingur, fyrirtæki eða opinber aðili, að greiða vexti reglulega í tiltekinn tíma og greiða síðan höfuðstólinn í lokin á gjalddaga. Skuldabréf eru gjarnan seld með afföllum. Skuldabréf geta verið gefin út á handhafa eða skráð á nafn.

Vaxtagreiðslur af skuldabréfum geta verið fastar eða breytilegar. Lánstíminn og greiðsluskilmálar eru ákveðnir fyrirfram.

Helstu eiginleikar skuldabréfa:

- Ávöxtunarkrafa:* Vaxtagreiðslur og gengishækkun.
- Líftími:* Til skamms tíma (allt að 4 árum), til meðallangs tíma (4-8 ár) og til langs tíma (meira en 8 ár).
- Endurgreiðsla:* Hún fer eftir ákvæðum skuldabréfsins en getur t.d. verið á öll í einu lagi í lok lánstímans, árlega eða oftár.
- Vextir:* Fara eftir skilmálum skuldabréfsins en geta t.d. verið fastir allan lánstímann eða breytilegir, oft tengdir markaðsvöxtum, s.s. LIBOR eða EURIBOR.

Helstu áhættuþættir skuldabréfa:

- Gjaldfærniáhætta*
Gjaldfærniáhætta er áhættan á því að skuldari verði ógjaldfær, annað hvort tímabundið eða varanlega. Gjaldfærni skuldara getur breyst eftir almennri efnahagsþróun og vegna breytinga sem tengjast rekstri hans sjálfs eða þeirri atvinnugrein sem hann starfar í. Einnig hafa pólitískar aðstæður áhrif. Ef sjóðstreymi versnar hjá skuldara getur það haft bein áhrif á gengi fjármálagerninga sem hann hefur gefið út.
- Vaxtaáhætta*
Óvissa um framtíðarþróun vaxtastigs hefur í för með sér að kaupandi skuldabréfs með föstum vöxtum tekur þá áhættu að gengi bréfsins lækki ef vextir hækka. Því lengri sem lánstíminn er og því lægra sem vaxtastigið er, þeim munviðkvæmari eru skuldabréfin fyrir hækkun markaðsvaxta.
- Áhætta af uppgreiðslu*
Útgefandi skuldabréfs kann að setja í bréfið ákvæði sem heimilar honum að endurgreiða eiganda skuldabréfsins fjárhæð þess ef markaðsvextir lækka. Það kann að leiða til þess að ávöxtun af skuldabréfinu verði óhagstæðari en ef bréfið hefði ekki verið greitt upp.
- Áhætta sem bundin er við skuldabréf með útdráttarfyrirkomulagi*

Erfitt er að áætla líftíma skuldabréfa sem innleyst eru með útdráttarfyrirkomulagi. Því kann áætluð ávöxtun bréfanna að taka óvæntum breytingum.

e) *Áhætta sem tengist tilteknum tegundum skuldabréfa*

Viðbótaráhætta kann að tengjast sumum tegundum skuldabréfa, t.d. bréfum með breytilegum vöxtum (floating rate notes og reverse floating notes), afsláttarskuldabréfum (zero coupon bonds), erlendum skuldabréfum, breytanlegum skuldabréfum, vísitölutryggðum skuldabréfum, víkjandi skuldabréfum o.fl.

Fjárfestar ættu að kanna sérstaklega áhættu skuldabréfa af þessum toga með því að fara yfir útboðslýsingar þeirra og kaupa ekki slík bréf fyrr en þeir eru þess fullvissir að þeir hafi skilning á allri áhættunni sem er þeim fylgjandi.

Að því er varðar víkjandi skuldabréf, ættu fjárfestar að spyrjast fyrir um réttindi sín í samanburði við aðra kröfuhafa skuldara. Ef skuldari verður ógjaldfær eru víkjandi skuldabréf ekki greidd fyrr en allir aðrir rétthærri kröfuhafar hafa fengið greitt.

Breytanleg skuldabréf fela í sér þá áhættu að fjárfestar fái ekki fullnaðarendurgreiðslu heldur aðeins þá fjárhæð sem svarar til undirliggjandi fjármálagerninga.

2.2. Hlutabréf

Hlutabréf eru bréf sem gefin eru út til hluthafa í hlutafélagi sem sönnunargögn fyrir hlut þeirra í félaginu. Hlutabréf kunna að vera gefin út á handhafa eða skráð á nafn.

Helstu eiginleikar hlutabréfa:

- Ávöxtunarkrafa:* Arðgreiðslur og gengishækkun fjármálagernings.
- Réttindi hluthafa:* Fjárhagsleg réttindi og eignarréttindi. Þessi réttindi eru ákveðin með lögum og í samþykktum félagsins sem gefur út bréfin.
- Framseljanleiki:* Framsal hlutabréfa kann að vera háð takmörkunum.

Áhættuþættir:

- Fjárfestingaráhætta*
Með kaupum á hlutabréfum er fjárfestir ekki að lána félagi heldur eignast hann hlut í því. Hann hefur yfirleitt atkvæðisrétt í kosningum á hluthafafundum um mikilvæg málefni félagsins og við stjórnarkjör. Erfitt er að spá fyrir um hagnað eða tap af fjárfestingum í hlutabréfum. Í versta falli gæti félagið sem gaf út bréfin orðið gjaldþrota og öll fjárhæðin sem fjárfest var fyrir glatast.
- Áhætta sem leiðir af gengissveiflum*
Hlutabréfaverð getur sveiflast með ófyrirsjáanlegum hætti sem eykur hættu á tapi. Þannig geta skipst á gengishækkanir og gengislækkanir sem eru mislangar án þess að nokkur leið sé að ákvarða hversu langar þær eru.
- Arðgreiðsluáhætta*
Arður sem greiddur er út til hluthafa veltur aðallega á hagnaði félagsins. Ef hagnaður er lítill eða félagið er rekið með tapi kunna arðgreiðslur að minnka eða falla niður.

2.3. Sjóðir

Sjóður um sameiginlega fjárfestingu safnar framlögum og endurfjárfestir samkvæmt grundvallarreglum um áhættadreifingu og gerir hluthöfum sínum eða félögum þannig kleift að njóta afrakstursins af eignastýringu sinni.

Helstu eiginleikar sjóða:

- a) *Opnir sjóðir*: Heildarstærð þeirra er ekki ákveðin fyrirfram sem þýðir að fjöldi fjárfesta eða það hversu mikið þeir fjárfesta er ekki ákveðin fyrirfram. Sjóðurinn getur gefið út fleiri hlutdeildarskírteini eftir eftirspurn og einnig innleyst þau. Sjóðnum er þá yfirleitt skylt að innleysa hlutdeildarskírteini samkvæmt fyrirfram ákveðnum reglum.
- b) *Lokaðir sjóðir*: Heildarstærð slíkra sjóða er fastákveðin. Yfirleitt er ekki um innlausnarskyldu að ræða.

Helstu áhættuþættir sjóða:

- a) *Stjórnunaráhætta*: Þar sem ávöxtun eininga í sjóði um sameiginlega fjárfestingu veltur m.a. á hæfni og ákvarðanatöku stjórnenda sjóðsins leiðir röng ákvarðanataka af sér tap.
- b) *Hætta á gengisfalli hlutdeildarskírteina*: Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu fela í sér áhættu á gengisfalli og endurspeglar fallið lækkun á gengi fjármálagerna eða gjaldmiðla sem mynda eignasafn sjóðsins. Því meiri sem eignadreifing sjóðsins er, því minni hætta er á tapi. Á móti kemur að áhættan er meiri í sérhæfðari fjárfestingum og þar sem eignadreifing er minni.

Því er mikilvægt að gefa gaum að þeim almennu og sértæku áhættuþáttum sem fylgja þeim fjármálagerningum og gjaldmiðlum sem mynda sjóðinn. Fjárfestar geta m.a. aflað upplýsinga um sjóði með því að lesa lýsingar þeirra.

2.4. Afleiður

Afleiður eru fjármálagerningar sem breytast að verðgildi eftir verðmæti undirliggjandi eignar; hin undirliggjandi eign kann að vera fjármálagerningur, markaðsvísitala, vaxtastig, gjaldmiðill, hráefnisverð eða jafnvel önnur afleiða.

Afleiðuviðskipti skiptast í þrjú meginflokk:

- a) *Valréttarsamninga*: Þar sem handhafi á rétt á, en ber ekki skylda til þess, að eiga viðskipti. Öðrum aðilanum (seljanda valréttarins) ber skylda til þess að efna samninginn meðan hinum (kaupanda valréttarins) er frjálst að nýta rétt sinn eða ekki.
- b) *Staðlaðir og óstaðlaðir framvirkir samningar*: Þar sem aðilar gera með sér samning sem er efndur á tilteknum degi í framtíðinni. Þegar um er að ræða framvirkan samning skuldbinda aðilar sig óafturkræft til þess að efna viðskiptasamninginn á tilgreindum degi.
- c) *Skiptasamningar*: Þar sem aðilar samþykkja að inna af hendi reglubundnar greiðslur hvor til annars, t.d. á grundvelli fastra eða breytilegra vaxta (vaxtaskiptasamningar), eða skiptast á nánar tilteknum eignum, t.d. mismunandi gjaldmiðlum (gjalddeyrisskiptasamningar).

2.4.1. Valréttarsamningar

Valréttarsamningar eru afleiðusamningar sem breytast að verðmæti í hlutfalli við verðgildi undirliggjandi eignar. Að greiddu valréttargjaldi til gagnaðila, þ.e. seljanda valréttarins, öðlast kaupandi valréttarins rétt til þess að kaupa eða selja undirliggjandi eign valréttarsamningsins á lokadegi samningsins, eða á tilteknu tímabili, fyrir ákveðið grunnverð.

2.4.2. Helstu eiginleikar valréttarsamninga

- a) *Líftími*: Líftími valrættarins hefst frá og með upphafsdegi og helst til lokadags valrættarins.
- b) *Tengsl milli valrættarins og undirliggjandi eignar*: Tengslin fara eftir þeim fjölda eininga hinnar undirliggjandi eignar sem handhafi valrættarins á rétt á að kaupa eða selja.
- c) *Viðmiðunarverð*: Viðmiðunarverðið er það verð sem ákveðið er fyrirfram að handhafi valrættarins megi kaupa eða selja hina undirliggjandi eign á þegar hann nýtir valrétt sinn.
- d) *Skuldsetning*: Allar breytingar á verði undirliggjandi eignar valda hlutfallslega meiri breytingu á virði valrættarins ef um skuldsetningu er að ræða.
- e) *Kaup á kaup- eða söluréttarsamningi*: Kaupandi kaupréttarsamnings spáir því að verð undirliggjandi eignar muni hækka, sem veldur hækkun á virði valrættarins. Á hinn bóginn spáir kaupandi söluréttarsamnings falli á verði undirliggjandi eignar sem veldur hækkun á virði valrættarins.
- f) *Sala á kaup eða -söluréttarsamningi*: Seljandi kaupréttarsamnings gerir ráð fyrir því að verð undirliggjandi eignar muni falla, sem veldur lækkun á virði valrættarins en seljandi söluréttarsamnings gerir ráð fyrir að verð undirliggjandi eignar muni hækka sem veldur lækkun á verði valrættarins.

2.4.3. Helstu áhættuþættir valréttarsamninga

- a) *Markaðsáhætta*

Hægt er að eiga viðskipti með valréttarsamninga í kauphöllum. Mikilvægt atriði við verðlagningu valréttarsamnings felst annars vegar í seljanleika á markaði og hins vegar í raunverulegri eða væntri þróun á verði undirliggjandi eigna. Kaupréttarsamningur hækkar í verði samhliða hækkun á verði undirliggjandi eigna, en söluréttarsamningur lækkar í verði samhliða lækkun á verði undirliggjandi eignar. Gengi valréttarsamnings veltur ekki alfarið á verðbreytingum undirliggjandi eignar. Aðrir þættir geta komið við sögu, svo sem líftími valréttarsamningsins eða tíðni og umfang allra breytinga á verðmæti hinnar undirliggjandi eignar.
- b) *Vogunaráhætta*

Vegna vogunaráhrifa eru breytingar á virði valréttarsamningsins yfirleitt meiri en breytingarnar á verði undirliggjandi eignar. Þannig getur eigandi valréttarsamnings hagnast á miklum hækkunum, en hann getur einnig orðið fyrir miklu tapi. Áhættan sem fylgir kaupum á valréttarsamningi eykst með vægi vogunarinnar.
- c) *Áhætta við kaup á valréttarsamningum*

Valréttarsamningar eru óstöðug fjárfesting. Líkurnar á að valréttarsamningur verði verðlaus á lokadegi eru tiltölulega miklar. Í því tilviki tapar fjárfestir allri fjárfestingu sinni, þ.e. því sem hann greiddi fyrir valréttinn auk þóknana. Fjárfestir stendur þá frammi fyrir þremur kostum: hann getur haldið stöðu sinni til samningslokadags, hann getur reynt að losa sig við samninginn fyrir samningslokadag, eða, einungis í tilviki „bandarískra valréttarsamninga“ nýtt valrétt sinn fyrir samningslokadag. Nýting valréttar getur annað hvort falist í greiðslu á muninum milli viðmiðunarverðsins og markaðsverðsins eða kaupum/afhendingu á undirliggjandi eign. Ef andlag valréttarsamningsins er staðlaður framvirkur samningur felur nýtingin í sér að tekin er staða samkvæmt stöðluðum framvirkum samningi, sem hefur í för með sér að teknar eru ákveðnar skuldbindingar varðandi tryggingarmörk.
- d) *Áhætta við sölu á valréttarsamningum*

Sala á valréttarsamningi felur almennt í sér meiri áhættu en kaup. Ef markaðsverð undirliggjandi eignar breytist í óhagstæða átt þarf seljandi vilnunarinnar að breyta tryggingarmörkum sínum til þess að halda stöðu sinni. Ef hin selda vilnun er af “bandarískri gerð” getur seljandinn jafnvel þurft að standa við samninginn hvenær sem er þar til honum lýkur.

Draga má úr áhættu seljanda með því að halda stöðu gagnvart undirliggjandi eign (fjármálagerningur, vísitölu eða öðru) sem svarar til hinnar seldu vilnunar.

2.4.4. Staðlaðir og óstaðlaðir framvirkir samningar

Staðlaðir framvirkir samningar eru samningar sem ganga kaupum og sölum í kauphöllum. Þeir eru staðlaðir bæði að því er varðar magn hinnar undirliggjandi eignar og að því er varðar dagsetningu sem viðskiptin renna út. Óstaðlaðir framvirkir samningar, eða samningar með sérstaklega umsömdum skilmálum (OTC), eru samningar sem ekki eru viðskipti með í kauphöllum.

2.4.4.1. Helstu eiginleikar staðlaðra og óstaðlaðra framvirkra samninga:

- a) *Upphaflegt gjald:* Hvort sem um er að ræða kaup á stöðluðum framvirkum samningi eða sölu á undirliggjandi eign er upphaflegt álag ákveðið um leið og samningurinn er gerður. Álagið er yfirleitt sett fram sem hundraðshluti af verðmæti samningsins.
- b) *Sala:* Almennt getur fjárfestir hvenær sem er á samningstímanum gert upp samninginn eða lokað honum fyrir samningslok, annað hvort með því að selja samninginn eða með því að gera móttæðan samning. Uppgjör bindur enda á þá stöðu sem tekin hefur verið og hagnaður eða tap sem safnast hefur upp fram að uppgjöri er innleyst.
- c) *Uppgjör:* Samningum sem ekki hefur verið lokað fyrir uppgjör verða aðilar að standa við. Samninga sem hafa áþreifanleg verðmæti sem undirliggjandi eign má efna með því að afhenda eignina. Ef eign er afhent þarf að efna samningsákvæðin að fullu, en ef gert er ráð fyrir samningsuppgjöri með reiðufé þarf aðeins að greiða mismuninn á samningsverðinu og markaðsverðinu á greiðslutíma. Því þurfa fjárfestar að hafa meira fjármagn tiltækt vegna samninga sem kveða á um afhendingu undirliggjandi eignar en vegna samninga sem kveða á um uppgjör með reiðufé.

2.4.4.2. Helstu áhættuþættir staðlaðra og óstaðlaðra framvirkra samninga:

- a) *Breyting á virði samnings eða undirliggjandi eignar*

Hvað sem líður hækkun á verði samnings eða undirliggjandi eignar, þarf seljandi samkvæmt framvirkum samningi að afhenda hina undirliggjandi eign á því verði sem samið var um í upphafi, sem kann að vera mun lægra en gildandi verð. Fyrir þann sem selur, er áhættan jafngildi mismunarins milli þess verðs sem samið var um í samningnum og markaðsverðsins á uppgjörstími. Þar sem markaðsvirðið getur, frá fræðilegu sjónarmiði, hækkað endalaust, er hugsanlegt tap seljandans takmarkalaust og getur farið langt fram úr tryggingarmörkum. Ef virði samningsins eða undirliggjandi eignar lækkar þarf kaupandi samkvæmt framvirkum samningi engu að síður að taka við eigninni á því verði sem samþykkt var í samningnum, sem gæti verið mun hærra en gildandi markaðsvirði. Fyrir þann sem selur, er áhættan þess vegna jafngildi mismunarins milli þess verðs sem samið var um í samningnum og markaðsverðsins á afhendingartíma. Þannig er hámarkstap kaupanda upphaflega umsamið verð. Tapið getur hins vegar farið langt fram úr tryggingarmörkum. Viðskiptin eru verðmetin með reglubundnum hætti (uppfærð til markaðsverðs – „mark-to-market“). Fjárfestirinn þarf að hafa stöðugan aðgang að fullnægjandi tryggingum. Ef tryggingin verður ófullnægjandi á samningstíma framvirks samnings verður krafist viðbótartryggingar frá fjárfestinum með litlum fyrirvara. Ef fjárfestirinn sinnir því ekki eru viðskiptin gerð upp fyrir lok samningstímans.
- b) *Seljanleiki*

Til þess að koma í veg fyrir óhóflegar verðsveiflur, kann kauphöll að setja mörk fyrir tiltekna samninga. Fjárfestir þarf að hafa hugfast að það kann að vera afar erfitt, ef ekki beinlínis ómögulegt um tíma, að selja samninginn við slíkar aðstæður og því ætti fjárfestirinn að spyrjast fyrir um slík mörk.

Ekki er alltaf hægt að selja samninga til þess að forðast áhættu eða minnka áhættu af viðskiptum. Það fer meðal annars eftir markaðsaðstæðum og skilmálum samninganna.

c) *Kaup*

Að selja eign án þess að eiga hana við samningslok (skortsala) felur í sér þá áhættu að seljandi þurfi að kaupa hina undirliggjandi eign á óhagstæðum markaði til þess að geta staðið við samninginn við uppgjör og afhent hina undirliggjandi eign.

d) *Sérstök áhætta vegna viðskipta með óstaðlaðar afleiður*

Markaður fyrir stöðluð viðskipti er yfirleitt virkur og gegnsær. Því er yfirleitt hægt að selja frá sér samninga. Hins vegar er enginn markaður til fyrir óstaðlaðar afleiður. Því er aðeins hægt að losna út úr samningi með samþykki gagnaðilans (lokun samnings).

2.4.5. Skiptasamningar

Skiptasamningar er samnefni á samningum þar sem skipst er á vöxtum, myntum, verðbréfum og hvers konar öðrum þáttum sem skapa greiðslufæði. Sem dæmi geta skiptasamningar verið vaxtaskiptasamningar, skiptasamningar á hlutabréf eða gjaldmiðlaskiptasamningar.

Dæmi um vaxtaskiptasamning:

- a) Annar aðili samningsins greiðir fasta vexti á ákveðinn höfuðstól í ákveðið mörg ár í framtíðinni.
- b) Hinn aðilinn greiðir fljótandi vexti á sama höfuðstól yfir sama tímabil.

Ef um skiptasamning í sömu mynt er að ræða þá er yfirleitt ekki skipst á höfuðstól í upphafi.

Yfirleitt er mesta áhættan í skiptasamningum fólgin í þeim hluta samningsins sem háður er verðbreytingum á markaði. Sem dæmi þá getur gengi bréfa sem fjármögnuð eru með fljótandi leggnum sveiflast verulega yfir tíma. Áhættan af skiptasamningum eykst eftir því sem áhættan af undirliggjandi eignum eykst.

3. Dæmi um óhefðbundnar fjárfestingar

Dæmi um óhefðbundna fjárfestingu er fjárfesting í innlendum eða erlendum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem fylgja stefnu sem er verulega frábrugðin hefðbundnum fjárfestingum í hlutabréfum og skuldabréfum.

Vogunarsjóðir („hedge funds“) eru algengasta óhefðbundna fjárfestingarformið. Fjárfestingarstefna þeirra felst oft í skortsölu, vogunaráhrifum og afleiðum. Fjárfestingar í sjóðum sem fjárfesta í óskráðum félögum falla einnig í þennan flokk (áhættufjármagn, fjármögnun fyrirtækjakaupa).

3.1. Helstu áhættuþættir óhefðbundinna fjárfestinga

a) *Skuldsetning*

Á þessum vettvangi kann fjárfestingarstefnan að tengjast háu áhættustigi. Til dæmis geta vogunaráhrif haft þær afleiðingar að smávægileg breyting á markaði leiði til mikils gróða eða mikils taps. Í sumum tilvikum getur farið svo að fjárfestingin glattist alfarið.

b) *Upplýsingaskortur*

Mjög oft hafa fjárfestar í óhefðbundnum fjárfestingum úr mjög litlum upplýsingum að moða. Fjárfestingarstefna sem sjóðir fylgja, sem kann að vera afar flókin, er oft á tíðum ógegnæ fyrir fjárfesta. Stefnubreytingar, sem geta haft í för með sér verulega áhættuaukningu, eru oft óljósar fyrir fjárfestum, sem kunna að vanmeta áhættuna.

c) *Hugsanlegur óseljanleiki*

Óhefðbundnar fjárfestingar kunna að vera illseljanlegri en aðrar fjárfestingar. Stundum er seljanleikinn afar lítill. Þannig er innlausn hluta í vogunarsjóðum aðeins möguleg ýmist á mánaðarlegum, ársfjórðungslegum eða árlegum grundvelli. Að því er varðar fjárfestingar í sjóðum sem kaupa óskráð hlutabréf kann binditíminn að vera allt að 10 ár eða meira.